

# SEÐLABANKI ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 1982  
REYKJAVÍK 1983

*Setning, prentun, bókkband:*  
ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA HF.



## EFNISYFIRLIT

Yfirlit yfir þróun efnahagsmála .....	5
Framleiðsla, tekjur og verðlag .....	11
Utanríkisviðskipti og greiðslujöfnuður .....	18
Fjármál ríkissjóðs .....	27
Peningamál .....	33
Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir .....	45
Gengismál .....	49
Erlend mál og samningar .....	52
Umsjá sjóða og ýmis starfsemi fyrir ríkissjóð .....	54
Ýmsir þættir í starfsemi bankans og lagabreytingar .....	60
Annáll peninga- og gjaldeyrismála 1982 .....	68
Tölur (sjá yfirlit á næstu síðu) .....	71
Efnahagsreikningur Seðlabankans 31. desember 1982 ...	94
Rekstrarreikningur árið 1982 .....	96
Skýringar við ársreikning Seðlabankans .....	98
Skýringar við ársreikning Ríkisábyrgðasjóðs .....	101
Efnahagsreikningur Ríkisábyrgðasjóðs 31. des. 1982 ...	102
Efnahagsreikningur Seðlabankans 1976—1982 .....	104
Stjórn bankans og starfslið .....	106

## TÖFLUYFIRLIT

1. tafla. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun .....	71
2. tafla. Framlag atvinnugreina til þjóðarframleiðslunnar .....	72
3. tafla. Þjóðarauðurinn .....	72
4. tafla. Fjármunamyndun .....	73
5. tafla. Vísitölur verðlags .....	74
6. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd 1978—1982 .....	75
7. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd — Ársfjórðungsyfirlit 1981—1982 ...	76
8. tafla. Staða þjóðarþúsins út á við .....	76
9. tafla. Gjaldeyrisstaða bankanna .....	77
10. tafla. Skipting innflutnings eftir notkun .....	77
11. tafla. Útflutningur. Skipting á helstu vöruflokka .....	78
12. tafla. Út- og innflutningsverð og viðskiptakjör .....	78
13. tafla. Vísitala meðalgengis erlendra gjaldmiðla .....	78
14. tafla. Verðmæti inn- og útflutnings eftir löndum .....	79
15. tafla. Yfirlit yfir fjármál ríkissjóðs .....	80
16. tafla. Skipting ríkistekna eftir tekjustofnum .....	80
17. tafla. Skipting ríkisútgjalda eftir málefnaflokkum .....	81
18. tafla. Skipting ríkisútgjalda eftir tegundum .....	81
19. tafla. Seðlar og mynt .....	81
20. tafla. Skipting seðla og myntar eftir stærð í árslok .....	82
21. tafla. Ávísanaskipti .....	82
22. tafla. Úr peningamálum .....	83
23. tafla. Úr reikningum Seðlabankans .....	84
24. tafla. Innlán og útlán innlánsstofnana .....	85
25. tafla. Lánaflokkun innlánsstofnana .....	86
26. tafla. Samandregið greiðsluyfirlit fjárfestingarlánasjóða .....	86
27. tafla. Lánaflokkun fjárfestingarlánasjóða .....	87
28. tafla. Útlán einstakra fjárfestingarlánasjóða .....	87
29. tafla. Samandregið greiðsluyfirlit einstakra fjárfestingarlánasjóða 1982 ..	88
30. tafla. Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða .....	88
31. tafla. Úr reikningum lánastofnana .....	89
32. tafla. Gengi erlendra gjaldmiðla samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands	90
33. tafla. Nafnvextir á helstu flokkum inn- og útlána innlánsstofnana .....	91
34. tafla. Vextir við Seðlabanka í % á ári .....	92
35. tafla. Bindiskyldu- og endurkaupahlutföll .....	92

# SKÝRSLA BANKASTJÓRNAR

## I. YFIRLIT YFIR ÞRÓUN EFNAHAGSMÁLA

### Megindrættir

Árið 1982 varð þjóðarbúskap Íslendinga mjög óhagstætt í flestu til-  
liti, svo að efnahagsvandinn tók á sig alvarlega mynd mikils við-  
skiptahalla, skuldasöfnunar og verðbólgu. Ástand fiskstofna er í  
lægð, sem olli stöðvun loðnuveiða yfir allt árið og lélegum afla á  
þorskveiðum. Langvarandi efnahagslægð í umheiminum olli vaxandi  
markaðsröðugleikum, einkum með lokun skreiðarmarkaðar og  
óhagstæðum verðkjörum stóriðju. Þrátt fyrir ört gengisfall krón-  
unnar varð aðlögun þjóðarbúsins að þessum áföllum síðbúin, ekki  
síst sökum örrar verðbólgu, er fór á ný verulega fram úr fjármagns-  
kjörum. Nýir kjarasamningar á árinu hertu enn á gengi verðbólgunn-  
ar, svo að skerðing verðbóta á laun náði vart á móti að hamla. Efnahags-  
áföllin gengu þannig nánast óheft inn í feril verðbólgunnar, sem  
hefur magnast að háskalegu marki. Viðleitni til aðhalds að fjárreið-  
um ríkissjóðs hefur skilað nokkrum árangri út af fyrir sig, en miklar  
erlendar lántökur, meðfram til þess að bæta upp staðnaðan innlend-  
an sparnað, hafa á hinn bóginn verið mjög þensluvekjandi, ýtt undir  
aukinn innflutning og fært skuldastöðu og greiðslubyrði þjóðarbús-  
ins í áður óþekkta hæð.

### Efnahagsþróun í umheiminum

Efnahagslægðin í heiminum hefur nú staðið í þrjú ár og verið svo  
viðtæk og alvarleg, að næstum má tala um kreppu, enda þótt ekki  
komist í námunda við það afhroð, sem efnahagskerfi heimsins galt í  
heimskreppunni miklu upp úr 1930. Orsakir erfiðleikanna að undan-  
förnu eru slungnar saman úr fleiri þáttum og flókið orsakasamband  
milli þeirra. Hagvöxtur eftirstriðsáratuganna, sem nærðist í fyrstu á  
alhliða uppbyggingu þróaðra landa og útfærslu viðskipta- og fram-  
leiðslutengsla þeirra til þróunarlandanna, er tekinn að lýjast, m.a.  
fyrir flutning framleiðslugreina til nýþróaðra landa. Þensluskeið  
vestrænna ríkja hafa í vaxandi mæli rekist á takmarkanir auðlinda  
og framleiðslugetu hrávöruframleiðenda, sérstaklega að því er varð-  
ar olíuframboð, svo að olíuframleiðsluríkin hafa tvívegis á umliðn-  
um áratug megnað að beita samtakamætti til verðeinokunar, fyrst til  
fjórfoldunar olíuverðs 1973—74 og síðan til nálægt þreföldunar frá

1978 fram á árið 1982. Þessi síðari stökkhækkun olíuverðsins varð, í líkingu við það, sem gerðist 1973—74, almennasta kveikjan að stöðnunarskeiðinu, sem síðan hefur varað, þar sem viðbrögð ríkja við viðskiptahalla af þessum orsökum eru einkum þau að beita aðhaldsaðgerðum til þess að draga úr eftirspurn og innflutningi og slá á verðbólguna og þar með að bæta samkeppnisaðstöðuna út á við, þannig að dregið sé úr hallanum á báðar hliðar inn- og útflutnings. Við þetta bættist, að verðbólga hafði haldist óviðunandi há allt frá öldufaldi hennar 1974—75, svo að stærstu iðnríkin neyttu þessa fær- is til að taka upp harða verðbólguárætti. Þar sem síðustu aðgerðir tekjustefnu höfðu að mestu runnið út í sandinn, hlaut sú barátta að taka á sig mynd aðhaldssamrar peninga- og fjármálastefnu, enda þótt það kostaði verulegar fórnir í auknu atvinnuleysi. Rísandi áhrif kenninga, sem leggja höfuðáherslu á stjórn peningamagns, urðu mjög til að styrkja þessa viðleitni, svo og aukið gengi þeirra við- horfa, er snúa að framboðshlið efnahagslífsins, hvatningu til aukins framboðs framleiðsluaflla o.s.frv.

### **Oliukreppurnar**

Þessi síðari olíukreppa varð að ýmsu leyti ólík hinni fyrri. Miklu meiri viðbúnaður var á orðinn til orkusparandi aðgerða og notkunar annarra orkugjafa í stað olíu, svo að 1982 þurfti 27% minni olíu á hverja einingu þjóðarframleiðslu vestrænna ríkja heldur en árið 1970. Birgðasófnun og aðrar skammæjar truflanir áttu og meiri þátt í hækkuninni 1979. Framleiðslukerfi olíuríkjanna hafði vaxið veru- lega og jafnframt fjárfesting og innflutningur og þar með þörf fyrir að halda olíuframboði óslitið uppi, er varð til þess, að olíuverð stefndi aftur til lækkunar á síðari hluta 1982. Í annan stað hefur verðbólga í þróuðum löndum ekki farið svo úr böndunum nú sem 1974—75. Var þá kippt harkalega í taumana, svo að lægðin varð stutt og kröpp með nánast stöðvun framleiðsluaukningar í fyrrgreind tvö ár, en skjótum endurbata á eftir. Síðari afturkippurinn varð al- mennt vægari og ójafnari framan af, en verðbólga jafnframt þrálát og þar með aðhaldssöm beiting stjórnþækja. Hefur þannig teygst lengur úr lægðinni, sem staðið hefur í minnst þrjú ár og endað á beinum samdrætti þjóðarframleiðslu iðnríkja í heild um 0,3% 1982 eftir tvö ár með aðeins 1,2% framleiðsluvöxt hvort árána. Gekk þessi samdráttur síðasta árs þvert á spár, sem uppi voru um endur- bata á því ári.

### **Heimsverðbólgan**

Verðbólgan var tekin að sýna talsverð batamerki á árinu 1982, eink- um í stærstu löndunum, sem eru leiðandi í þróuninni, svo að horfur teljast á enn betri árangri fram á við. Verðlag þjóðarframleiðslu, sem náði árið 1981 8,6% hækkun í iðnríkjunum, 9,4% í Bandaríkjunum og 12,1% í Bretlandi, mun hafa hækkað 1982 um 7,2% í iðnríkjun- um, 6% í Bandaríkjunum og 8,3% í Bretlandi og horfur taldar á 6%



## Vextir, gengi og viðskiptajöfnuður

hækkun í iðnríkjunum í ár. Verðbólga er enn mjög mismunandi, minnst 3—4% í Japan og Þýskalandi, en mest í Frakklandi, Ítalíu og ýmsum smærri löndunum, þar enn um og yfir tug prósentu. Telst þessi árangur hvorki meiri né auðsóttari en svo, að losað er af stakri varúð um aðhaldstökin.

Vaxtakjörin, sem einkum hefur verið beint að eftirspurnarástandi í hverju ríki um sig, hafa einnig haft veruleg áhrif á gengi gjaldmiðla, sem er ákveðið á frjálsum gjaldeyrismörkuðum, og vara þau áhrif enn, þótt slakað hafi verið á peningalegu aðhaldi í fleiri löndum samtímis. Gengi hefur þannig þróast talsvert frábrugðið því, sem leiða myndi til jafnvægis í viðskiptajöfnuði, og hefur einkum dollarinn verið ofmetinn og yenið vanmetið á þann kvarða skoðað. Meginstefnan í þróun viðskiptajafnaðar hefur verið sú, að afgangur olíuútflutningsríkja hefur þorrið ört úr 114 milljörðum dollara 1980 í nánast jöfnuð 1982, en á móti hefur viðskiptahalli annarra þróunarlanda jafnast nokkuð. Hins vegar hefur viðskiptajöfnuður iðnríkja gengið mjög á misvíxl. Viðskiptaafgangur Japans hefur farið vaxandi, en Bretlands minnkandi. Halli Þýskalands hefur snúist í vaxandi afgang, en afgangur Bandaríkjanna er að snúast í verulegan halla, og halli Frakklands hefur farið vaxandi. Eru iðnríkin í heild talin hafa minnkað viðskiptahalla sinn úr 41 milljarði dollara 1980 í 1 milljarð 1981, en aukið hann aftur í 4 milljarða 1982.

## Atvinnuleysi

Alvarlegasta hliðin á stöðnun og samdrætti hefur verið sú, að aukning framleiðslu um þriggja ára skeið 1980—82 hefur ekki orðið meiri en svarar til framleiðni, svo að aukning mannaflans hefur bæst við atvinnuleysið. Milli árána 1981 og '82 jókst hlutfallstala atvinnuleysis í OECD-löndunum úr 7,1% í 8,5% af mannafla og fjöldi atvinnulausra úr 24,7 í rúmar 30 milljónir.

## Ytri skilyrði þjóðarbúsins

Áhrif árferðisins í umheiminum á þjóðarbúskap Íslendinga hafa verið mjög tviátta. Viðskiptakjörin versnuðu, einkum af völdum olíuverðhækkunar, um 15,5% frá 1978 til 1980, og svaraði fallið til 4,9% af þjóðarframleiðslu þess árs eða ríflega til framleiðsluauka ársins 1979. Þjóðarúið stóðst þessa áraun í bili furðu vel, að frátöldum sérstökum erfiðleikum í millilandaflugi og að nokkru í öðrum samgöngum. Kom þar bæði til, að afrakstur fiskstofna reyndist um skeið meiri en búist var við, svo og að vaxandi styrkur dollars auðveldaði útflutning til Bandaríkjanna og gaf um sinn af sér aukið raunvirði fyrir útflutning umsaminn í dollurum. Önnur og óhagstæðari hlið gengisskilyrða sneri að iðnaðarútflutningi fyrir Evrópu-gjaldmiðla og hliðstæðan samkeppnisinnflutning, einkum á árinu 1981, og kreppti sérstaklega að markaðsskilyrðum og verðkjörum þungaiðnaðar. Eftir því sem á leið, færðust neikvæðu áhrifin í aukana. Kom þá skýrar í ljós, að sóknarþunginn mæðir um of á fisk-

stofnunum og að framleiðsluaukinn hafði að verulegum hluta verið tekinn af stofni. Loðnuafllinn fór minnkandi frá 1979, og varð að stöðva veiðarnar alveg 1982, og þorskaflinn minnkaði þá um nærri fimmting. Háir vextir erlendra lána, bæði af nýjum lánunum sem og hækkun breytilegra vaxta, hafa reynst þjóðarbúinu þungir í skauti, og eru raunvextir erlendra lána enn mjög háir, um 5—6%, enda þótt nokkuð hafi tekið að slakna síðari hluta 1982. Þegar svo oliuverð tók loks að lækka, urðu fyrstu og beinustu áhrif þess á þjóðarbúið að girða að mestu fyrir útflutning skreiðar sökum markaðspregsla fyrir olíuútflutning Nígeríu. Útflutningsverð flestra annarra afurða staðnaði eða féll, einkum á mjöli og lýsi. Heildarniðurstaðan af framleiðslusamdrætti, birgðasöfnun og verðtregðu varð samdráttur vöruútflutnings um tæp 19,4% á föstu gengi, en viðskiptakjör versnuðu sem svaraði 0,3% af þjóðarframleiðslu. Þjóðarframleiðslan dróst saman um 2% og þjóðartekjur þar með um 2,3%.

### **Viðskiptahalli og skuldabyrði**

Aðlögun þjóðarbúsins að þessum áföllum varð af ýmsum ástæðum síðbúin og ófullkomin. Heildarmyndin er því sú, að innflutningur vöru og þjónustu hélst nánast óbreyttur þrátt fyrir fall útflutningstekna, enda þótt færi að draga úr innflutningi á síðari helmingi og þó einkum síðasta fjórðungi ársins. Afleiðingin varð viðskiptahalli, er nam 10% af þjóðarframleiðslu, því næst hinn sami og árin 1974 og 1975. Svigrúmið til þess að jafna út áföllin var nú hins vegar þeim mun þrengra og afleiðingarnar af ófullkominni aðlögun alvarlegri sem skuldastaða þjóðarbúsins var hærri, en hún náði í árslok 48% af þjóðarframleiðslu, og sömuleiðis greiðslubyrði af erlendum lánunum, er varð um 21,4% af heildarútflutningstekjum ársins.

### **Vísitölukerfið**

Síðbúin viðbrögð og ónóg aðlögun að aðsteðjandi efnahagsvanda eiga annars vegar rætur að rekja til þeirra sjálfvirku kerfa, sem komið hefur verið upp í því skyni að tryggja hag hvernar atvinnustéttar og atvinnuvegar um sig, hins vegar til sjálfráðra stjórnarathafna á hverjum tíma. Kjarni hinna fyrrgreindu er kerfi vísitöluuppþóta á laun, sem svarar útteilingu byrðanna með því að velta þeim skjótt aftur yfir á atvinnuvegina og endurnýja þannig aðlögunarvandann. Við skilyrði þessa kerfis og hliðstæðu þess í landbúnaði og sjávarútvegi ríkir stöðug mótsögn milli stefnumiða raunverulegrar aðlögunar og verðbólguhjónunar, og aðlögun verður seinvirk samfara verulegri mögnun verðbólgu, svo sem reynsla á síðasta ári og um árabíl sýnir. Af völdum þessarar togstreitu magnaðist verðbólgan yfir árið upp í u.þ.b. 60%, en undir lok ársins mátti telja ríkjandi verðbólgustig vera yfir 70%. Varð þetta þrátt fyrir sérstaka skerðingu verðbóta í september og desember um alls 10,6% samkvæmt kjarasamningum og bráðabirgðalögum, enda hafði áþekk grunnkaupshækkun komið þar á móti.

## Fjármagnskjörin

Með lögum er einnig gert ráð fyrir nokkurn veginn sjálfvirkri fylgni fjármagnskjara við verðbólgu, en gagnstætt vísitölukerfi launa er sú tenging til þess fallin að stuðla að nauðsynlegri aðlögun að skertum hag þjóðarbúsins með því að viðhalda raungildi lánsfjármagns og endurgreiðslna þess og gera eyðslu dýrari. Enn eru þó nærri þrír fjórðu hlutar bankalána háðir opinberum vaxtaákvörðunum. Hafa stjórnvöld sýnt mikla tregðu á að láta verðtryggingu fjármagns fá fullan framgang á þessum vettvangi og þar með í reynd hamlað mjög á móti tímanlegri aðlögun. Varð það til þess, að raunvöxtum inn- og útlána hrakaði frá meðaltali fyrra árs um 3—4%, að meðtöldu vaxandi sviði fullrar verðtryggingar í innlánsstofnunum, og fylgdust innlán yfir árið rétt að við verðbólgu, gagnstætt verulegri raunaukningu árið áður.

## Önnur hagstjórnartæki

Auk þess að standa í vegi fyrir fyllri aðlögun að efnahagsáföllunum valda hömlur á beitingu hagstjórnartækis vaxtakjara því, að auka verður áherslu á önnur stjórnartæki, innan sem utan lánakerfisins. Annars vegar hefur þetta óhjákvæmilega valdið einhæfri áherslu á gengisaðlögun, sem verkar einkum á rekstrargrundvöll og samkeppnisaðstöðu, en hentar ekki til að hamla á móti áhrifum ofeftirspurnar á innflutning og þar með viðskiptajöfnuð. Hins vegar kom þetta fram í því, að í byrjun nóvember voru teknar upp verulega hertar reglur um fyrirgreiðslu Seðlabankans við innlánsstofnanir með stighækkandi refsivöxtum og lokunarmörkum, um leið og vextir voru hækkaðir almennt um 6—8%. Var staða bankakerfisins þá orðin svo slæm, að mjög torsótt reyndist að vinna hana upp aftur. Við þessi skilyrði þjóðarbúskaparins er einnig afar mikilvægt að beita aðhaldi að fjárreiðum ríkissjóðs, svo að fjármál hins opinbera leggi sitt af mörkum fremur en að auka á vandann. Þetta getur reynst örðugt, þar sem fjárhagur hins opinbera er eitt helsta jöfnunartækið til að firra þjóðfélagsaðilana áföllum, sem þjóðarbúið hefur ráð á að fleyta sér yfir. Síðustu árin hefur svigrúmið til þess, svo sem fyrr getur, verið minna en oftast áður. Hefur því verið kappkostað að láta hinn eiginlega, afmarkaða fjárhag ríkissjóðs (A-hluta ríkisreiknings) skila jákvæðum jöfnuði og greiða upp skuldir við Seðlabanka. Yfir lengri tíma litið hefur þetta einkum gerst við það, að ríkistekjur hafa verið látnar hækka meira, úr 25—26% af þjóðarframleiðslu árin 1973—77 upp í 31% 1982, heldur en útgjöldin, úr 26,5% 1976—77 upp í 30% 1982, en það er aðeins síðustu tvö árin, sem tekjurnar á greiðslugrunni fara fram úr útgjöldunum. Framvinda ríkisfjármálanna þessi ár hefur verið sérstaklega frábrugðin því, sem gerðist í fyrri lægðinni 1974—75, þegar gjöldin hækkuðu allt upp í 30% af þjóðarframleiðslu síðara árið, meðan tekjurnar stóðu hlutfallslega í stað.



leiðslu í árslok 1978 í 0,5% 1982 hefur á heildina litið ekki gerst fyrir tekjuafgang þessa árabils á greiðslugrunni, heldur einkum fyrir færslu lána A-hlutans á aðra aðila og raunverulega vaxtaeftirgjöf að tiltölu við verðlag. Hér kemur einnig til, að ýmsir lántökuaðilar B-hluta munu vart eða ekki standa sjálfir fyrir skuldbindingum sínum, svo að afmörkun áhrifa ríkisfjármála við A-hlutann orkar tvímælis. Í þeim mæli sem þörfunum er vísað inn á lántökuleiðina verður það ýmist til að þrengja að atvinnurekstri á innlendum lánamarkaði eða til aukningar erlendra lána, sem verkar þenslumyndandi með hliðstæðum hætti og lántökur í Seðlabanka. Sú þensla hefur svo aukið innflutning og ríkistekjur, þannig að minna mark er að tekjuafganginum í samhengi jafnvægismarkmiða. Veikleikamerki koma í ljós, þegar hert er að til jafnvægis, svo sem fram er að koma á fyrstu mánuðum hins nýja árs.

### Arfleifð ársins

Allt bendir til þess, að árið 1982 hafi verið botnár lægðar á alþjóðlegum vettvangi. Úr því ætti að rofa til og endurbati að taka við. Innlend árferðissveifla og viðbrögð við henni eru þar nokkuð á eftir. Svo mikið hefur þegar verið að gert, að aðlögun til að mæta vandanum er komin á nokkurn rekspól. Þessi takmarkaða aðlögun raunstærða efnahagslífsins hefur hins vegar enn einu sinni leitt í ljós þá veikleika efnahagskerfisins að snúa þeirri aðlögun í enn magnaðri verðbólguvanda, er tekur að grafa á ný undan þeim ávinningi, er náðst hefur. Fullnaðaraðlögun að vandanum er þannig háð því, að takist að færa tekju- og verðkerfið í það horf, er geri það fært til úrlausnar slíkum vanda. Undir því er það jafnframt komið, hvort þjóðin verður í stakk búin til að nýta ný og vaxandi tækifæri í náinni framtíð.




## Þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur

### II. FRAMLEIÐSLA, TEKJUR OG VERÐLAG

Þjóðarframleiðsla dróst saman árið 1982 í fyrsta skipti síðan á árinu 1975. Meginástæða þessa samdráttar eru þau áföll, sem dundu yfir í sjávarútvegi landsmanna með stöðvun loðnuveiða í desember 1981 og mikilli minnkun þorskafla á árinu. Talið er, að sjávarafurðaframleiðslan í heild hafi minnkað um 13% frá árinu 1981. Hér er um þungt áfall að ræða, þar sem sjávarafurðaframleiðslan hefur haldið uppi aukningu útflutningsframleiðslunnar á undanförunum árum. Á árunum 1976 til 1980 jókst sjávarafurðaframleiðslan að jafnaði um 12,7% á ári. Á sama tíma jókst útflutningsframleiðslan í heild um 10,8% á ári. Á árinu 1981 dró síðan mjög úr bæði aukningu sjávarafurðaframleiðslunnar, sem varð 1,5%, og útflutningsframleiðslunnar, sem varð aðeins 1%. Á árinu 1982 er talið, að útflutningsframleiðslan hafi minnkað um 10,2% frá fyrra ári. Það bendir til, að fáir vaxtarsprotar hafi orðið til að bæta upp framleiðsluáfallið í sjávarútveginum, enda jókst iðnaðarframleiðslan aðeins lítillega, og var sú aukning að mestu bundin við stóriðjufyrirtækin.

Þjóðarframleiðslan er talin hafa dregist saman um 2% á árinu 1982 samanborið við 1,6% aukningu á árinu 1981 og 3,9% aukningu á árinu 1980. Þessi samdráttur er nær hinn sami og á árinu 1975. Þjóðartekjurnar drógust hins vegar mun meira saman á árinu 1975 en á árinu 1982, þar sem framleiðslusamdrátturinn 1975 fór saman við mikla rýrnun viðskiptakjara. Viðskiptakjörin rýrnuðu á árinu 1982 um 1,5%, en um 0,2% að frátöldum viðskiptum álversins. Þjóðartekjur eru þannig taldar hafa orðið um 2,3% minni á árinu 1982 en árið áður. Til samanburðar má geta þess, að þjóðartekjurnar jukust um 2% árið 1981 og um 2,7% árið 1980, en minnkuðu hins vegar um 5,8% á samdráttarárinu 1975. Þjóðartekjur á mann munu hafa minnkað um 3,3% á árinu 1982 og voru þá aðeins örlitlu hærri en á árinu 1977, en um 1,7% lægri en á árinu 1978. Þetta sýnir, hve litlu síðustu ár hafa skilað í hagvexti og tekjuaukningu. Þetta kemur einnig fram, ef síðastliðin ár eru borin saman við aukninguna yfir lengri



tímabil. Á meðfylgjandi töflu er sýnd árleg meðalaukning þjóðarframleiðslu, þjóðartekna og þjóðartekna á mann á mismunandi tímabilum.


Tafla II.1. Vöxtur þjóðarframleiðslu og þjóðartekna.  
(Árlegar breytingar í %)

	1961-81	1961-70	1971-76	1977-81	1982
Verg þjóðarframleiðsla . . . . .	4,6	4,8	4,6	3,9	-2,0
Vergar þjóðartekjur . . . . .	5,2	5,5	4,8	3,0	-2,3
Vergar þjóðartekjur á mann . . . . .	3,8	3,8	3,4	2,1	-3,3

## Viðskiptakjör

Útflutningsverðlag í erlendri mynt lækkaði um 2,8% frá árinu áður. Innflutningsverðlag lækkaði minna eða um 1,3%, og því rýrnuðu viðskiptakjörin um 1,5% eins og áður sagði. Þar sem verð á áli féll mjög á árinu 1982 eða um 14,4%, varð lækkun útflutningsverðs án áls minni en útflutningsverðs í heild eða 1,5%. Þar sem verð innflutnings til álverksmiðju lækkaði um 1,3%, rýrnuðu viðskiptakjörin án áls um aðeins 0,2%. Hinn alþjóðlegi efnahagssamdráttur lýsti sér m.a. í því, að verð á nær öllum helstu vörflokkum útflutnings og á öllum helstu vörflokkum innflutnings féll í erlendri mynt. Þannig féll verð sjávarafurða um 3,8% samanborið við 11,6% hækkun árið áður. Einu undantekningarnar frá þessu voru kísilgúr, en verð hans hækkaði um 1,2%, og aðrar iðnaðarvörur en ál, kísilgúr og kísiljárn, en meðalverð þeirra hækkaði um 2,9%.

Á síðasta áratug hafa viðskiptakjörin aðeins tvisvar orðið verri en þau voru á árinu 1982, þ.e. árin 1975 og 1980. Viðskiptakjörin hafa verið slök allt frá árinu 1979, þegar seinni olíuverðshækkunin reið yfir. Að frátalinni rýrnun á árinu 1980 og bata á árinu 1981 hefur nánast engin breyting átt sér stað á viðskiptakjörunum á þessu fjögurra ára tímabili. Að meðaltali voru þau um 7,2% lakari en á næstu fjórum árum á undan, og er þá lægðarárið 1975 talið með í fyrra tímabilinu. Þessi þróun á ekki einungis rætur að rekja til olíuverðshækkanna á árunum 1979 og 1980, heldur einnig hins, að verð sjávarafurða hefur ekki hækkað umfram almennt verðlag og tekjur á mörkuðum eins og í Bandaríkjunum, svo sem það gerði fyrr á árum. Því er vart að búast við miklum og varanlegum bata viðskiptakjara á næstu árum, jafnvel þótt olíuverð fari nú lækkandi um sinn.



## Framleiðsla og hagur atvinnuvega

Heildarfiskaflinn varð ekki nema 766.000 tonn samanborið við 1.435.000 tonn árið 1981. Í tonnum talið hefur aflinn ekki orðið minni síðan á árinu 1972. Munar hér mest um, að engin loðna var veidd á árinu, en loðnuaflinn var 641.000 tonn árið 1981. Botnfiskaflinn varð minni en árið áður eða 670.000 tonn samanborið við 716.000 tonn árið 1981. Sama má segja um þorskafla, en hann varð 373.000 tonn samanborið við 462.000 tonn árið áður. Þess ber þó að


gæta, að árið 1981 var algjört metár frá upphafi vega, bæði að því er botnfisk- og þorskafla varðar. Árið 1982 varð þannig þriðja mesta þorskaflaár í sögu Íslendinga. Þótt samdráttur botnfiskafla hafi ekki orðið meiri en 6,4%, munar það mikið um stöðvun loðnuveiðanna, að samdráttur sjávarafurðaframleiðslunnar var 13% eins og áður segir.

Afkoma botnfiskveiðiflotans varð ívið lakari en á árinu 1981. Talið er, að verg hlutdeild fjármagns, þ.e. rekstrarafgangur fyrir afskriftir, vexti og beina skatta, hafi numið um 5% af tekjum samanborið við 6,5% 1981 og 9% 1980. Þessi versnun afkomunnar er ekki meiri en búast mátti við í ljósi aflasamdráttarins á árinu. Fiskverð til útgerðar hækkaði um 51% frá fyrra ári, sem var að vísu umfram kauptaxta, en minna en hækkun almenns verðlags. Það misræmi, sem skapaðist í afkomu vinnslugreinanna á árunum 1979 til 1981, virðist að mestu leyti hafa horfið á árinu 1982. Misræmi þetta einkenndist af mikilli framleiðsluaukningu í söltun og herslu og góðri afkomu í þeim greinum, en samdrætti og versnandi afkomu í frystingu, sérstaklega á árunum 1980 og 1981. Frysting jókst um 2,2% á árinu samanborið við 4,1% samdrátt 1981 og 5,5% samdrátt 1980. Verg hlutdeild fjármagns er talin hafa verið um 15% af tekjum á árinu, sem telst gott á mælikvarða fyrri ára, en hún var að meðaltali 8,9% á árunum 1975—78, en um 11,1% á árunum 1979—81. Söltun dróst saman um 2,5% samanborið við 12,7% aukningu árið áður. Afkoman versnaði einnig, en var þó betri en að meðaltali á árunum 1975—1978. Um 29% samdráttur varð á skreiðarverkun auk þess sem óvissa ríkir um verðútkomu hins óselda hluta framleiðslunnar og er því ljóst, að mikil versnun hefur átt sér stað á afkomu hennar, en hún var þó mjög góð fyrir. Að öllu samanlögðu versnaði hagur botnfiskvinnslunnar nokkuð. Verg hlutdeild fjármagns varð um 14% af tekjum samanborið við 16,4% 1981, 17,7% 1980 og 9,8% á árunum 1975—78. Hagur mjöl- og lýsisvinnslu var mjög erfiður á árinu, enda varð um 76% framleiðslusamdráttur í þeirri grein, og munar þar mest um hvarf loðnunnar.

Álframleiðslan varð 75,2 þúsund tonn samanborið við 73,8 þúsund tonn árið áður. Nýting framleiðslugetu var léleg, og stafaði það einnig af markaðshorfum, en árið áður hafði orkuskortur þar einnig haft áhrif. Útflutningur minnkaði frá árinu 1981, og því átti umtalsverð birgðaaukning sér stað á árinu. Birgðir í lok ársins námu 33,8 þúsund tonnum eða um 45% af ársframleiðslunni, og hefur birgðastig ekki verið hærra síðan í lok ársins 1975, og að magni til hafa birgðirnar aldrei verið meiri í árslok. Þetta ásamt því lága verði, sem ríkt hefur á áli um hríð, sýnir, hve mikla erfiðleika alþjóðlegi efnahagssamdrátturinn hefur skapað í þessari iðngrein. Framleiðsla kísil-





járns varð 40,8 þúsund tonn, og var þar um 22% aukningu frá fyrra ári að ræða. Útflutningur jókst hins vegar um 32% og birgðir minnkðu. Framleiðsla kísilgúrs jókst um 18,9% og útflutningur um 25,7%. Samtals er talið, að útflutningsframleiðsla stóriðjufyrirtækjanna hafi aukist um 5% samanborið við 4,2% árið 1981. Útflutningsframleiðsla annarra iðnaðarvara dróst hins vegar saman um 6,4% og er það annað árið í röð, sem hún dregst saman. Önnur iðnaðarframleiðsla en ál, kísiljárn, kísilgúr, önnur útflutningsframleiðsla og sement, er talin hafa aukist um 3,5%. Í heild er talið, að iðnaðarframleiðslan hafi aukist um 2,2%. Landbúnaðarframleiðslan er talin hafa minnkað um 1,5–2% samanborið við 3,2% minnkun árið 1981. Engar meiri háttar breytingar urðu þó á hag bændna, enda var verðþróun þeim ekki óhagstæð. Hagur verslunar virðist hafa versnað nokkuð á seinni hluta ársins, þegar dró úr innflutningi og innlendri eftirspurn. Fyrri hluta ársins ætti afkoman að hafa verið þökkaleg, enda var veltuaukning um 15% umfram verðlagshækkanir á því tímabili. Á seinni hluta ársins varð hins vegar um 2,5% samdráttur á veltumagninu.



Samdráttur sjávarafurðaframleiðslunnar á árinu, sem fór saman við hægari almennan hagvöxt og síðan beinan samdrátt á síðasta ári, vekur ugg um, að uppsprettur hagvaxtar á undanförunum árum séu nú þorrnaðar og að ekki hafi enn tekist að nýta nýjar uppsprettur. Meginafllvaki sl. hagvaxtarskeiðs var aukning sjávarafurðaframleiðslunnar. Sérstaklega á þetta við um tímabilið frá 1972 til 1981, en á þessu tímabili er aukning sjávarafurðaframleiðslunnar sérstaklega hröð (sbr. meðfylgjandi línurit). Aukning iðnaðarframleiðslunnar er ekki nándar nærri eins mikil á þessu tímabili. Frá árinu 1973 til ársins 1981 jókst sjávarafurðaframleiðslan um 8,2% á ári, en iðnaðarframleiðslan ekki nema um 2,6% á ári. Á sama tíma jókst landbúnaðarframleiðslan um 0,3% á ári og þjóðarframleiðslan um 2,9% á ári. Þetta hafði í för með sér, að hlutdeild sjávarútvegsins í þjóðarframleiðslunni jókst úr 16,2% árið 1973 í 19,2% árið 1981, en hlutdeild iðnaðar féll úr 13,2% í 12,7%, og hlutur landbúnaðar og vinnslugreina hans féll úr 6,2% í 6%. Þess má geta, að á sama tímabili jókst framleiðni vinnuafls um 4,4% á ári í landbúnaði, um 3,6% í sjávarútvegi, en aðeins um 0,6% í iðnaði. Meðalaukning framleiðni í öllum atvinnugreinum, þ.m.t. opinberri starfsemi, þjónustu o.s.frv., var 0,8% á þessu tímabili.

Hin mikla aukning sjávarafurðaframleiðslunnar skilaði sér í minni hagvexti á þessu tímabili en ætla mátti í ljósi reynslu fyrri tímabila. Þótt framan af tímabilinu hafi þessi aukning stafað af útfærslu landhelginnar, virðist nú einnig orðið einsýnt, að framleiðslu- og framleiðniaukning í sjávarútvegi á þessu tímabili hafi að nokkru verið

## Ráðstöfun þjóðarframleiðslunnar



keypt með offjárfestingu og töliverðri minnkun framleiðni fjármagns og með því að ganga á fiskstofna, einkum á seinni hluta tímabilsins. Þannig er nú t.d. talið, að þorsstofninn hafi farið minnkandi allt frá árinu 1979, og loðnustofninn er hruninn eins og kunnugt er. Þetta bendir til þess, að sjávarútvegurinn muni ekki leggja meira í þjóðarþúið á komandi árum, og ef illa tekst til um stjórnun veiða og áfram er gengið á minnkandi stofna, gæti hann orðið orsök enn frekari samdráttar. Nýtt vaxtarskeið verður því að byggja á uppbyggingu nýrra iðngreina og aukningu iðnaðarframleiðslunnar.


Einkaneysla varð 2% meiri en árið áður samanborið við 5% hækkun 1981 og 1% hækkun 1980. Þetta er annað árið í röð sem einkaneyslan eykst umfram aukningu þjóðarframleiðslu. Samneysla jókst um 2% samanborið við 5% árið áður. Samneyslan var um 12,8% af vergri þjóðarframleiðslu eða lítið eitt hærri en næstu tvö ár á undan. Fjármunamyndun dróst saman um 3,6%, og er það í fyrsta skipti sem hún dregst saman síðan á árinu 1979, en fjármunamyndunin jókst um 2,1% á árinu 1981. Mestur varð samdrátturinn í opinberri fjárfestingu eða um 7,1%. Þar af minnkaði fjárfesting í rafvirkjunum og rafveitum um 7% og í hita- og vatnsveitum um 43%. Fjárfesting í samgöngumannvirkjum og opinberum byggingum jókst hins vegar um 5,8%. Alls varð opinber fjárfesting um 10,2% af þjóðarframleiðslu, sem er svipað og næstu tvö ár á undan og nánast það sama og meðaltal árána 1972—1981. Fjárfesting í íbúðarhúsum jókst í fyrsta skipti síðan á árinu 1977, og varð aukningin 4,1%. Fjárfesting í íbúðabyggingum varð 5,3% af þjóðarframleiðslu, sem er heldur lægra en meðaltal 10 ára tímabilsins 1972—81, en það var 6,3% af þjóðarframleiðslu. Fjármunamyndun atvinnuveganna minnkaði um 3,5%. Einna mestur samdráttur varð í fiskveiðum eða um 12%, en um 5% aukning varð í landbúnaði, 1% aukning í fiskvinnslu og um 13% aukning í iðnaði án áls og kísiljárns. Fjármunamyndunin í heild varð um 27% af þjóðarframleiðslu, sem er mjög svipað og næstu tvö ár á undan, en aðeins undir meðaltali árána 1972—81. Að meðtöldum birgðabreytingum, sem urðu óvenjumiklar, nam heildarfjárfestingin um 30,3% af þjóðarframleiðslu. Innlendum sparnaður varð hins vegar ekki nema 20,2% af þjóðarframleiðslunni samanborið við 23,2% 1981 og 25,5% 1980. Erlend fjármögnun fjárfestingarinnar nam því um 10% af þjóðarframleiðslunni. Erlend fjármögnun fjárfestingarinnar og viðskiptahallinn við útlönd eru tvær hliðar á sama peningnum, og hann varð því einnig 10% af þjóðarframleiðslunni samanborið við 5% halla 1981. Aukinn viðskiptahalli þýðir, að verðmætaráðstöfun eða þjóðarútgjöld hafi aukist umfram þjóðarframleiðslu. Alls varð aukning verðmætaráðstöfunar 2,2%, en án birgðabreytinga varð aukningin 0,5%.



## Kjarasamningar

Á árinu voru gerðir kjarasamningar við öll helstu launþegasamböndin án þess að til meiri háttar verkfallsátaka kæmi. ASÍ og VSÍ náðu samningum 30. júní. Grunnlaun hækkðu um 4%, en að meðtöldum flokkatilfærslum og starfsaldurshækkunum er talið, að laun hafi hækkað um 6,3% að meðaltali frá 1. júlí. Frekari hækkanir áttu að eiga sér stað á samningstímabilinu eða 1. janúar (um 2%) og 1. mars (um 0,8%). Nýmæli í samningi þessum var, að samið var um sérstakan frádrátt frá verðbótum 1. september eða um 2,9 prósentustig. Samningurinn gildir til 31. ágúst 1983. Samningar BSRB og ríkisins, sem tókust 1. september, og SÍB og bankanna, sem tókust 24. september, tóku að mestu mið af samningi ASÍ og VSÍ.

## Kaupmáttur og tekjur




Kaupmáttur kauptaxta allra launþega var að meðaltali um 1% lægri en árið 1981, en á því ári féll kaupmátturinn um 1% frá árinu áður. Sökum vaxandi verðbólgu og skerðingar vísitölubóta um 2,9 prósentustig 1. september og 7,7 prósentustig 1. desember féll kaupmátturinn nokkuð á seinni hluta ársins og sérstaklega á síðasta ársfjórðungi þess. Eins og sést á meðfylgjandi línuriti hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann vaxið töluvert umfram kaupmátt kauptaxta á undanförunum árum. Margar orsakir eru fyrir þessu svo sem launaskrið, tilfærslur milli tekjuhópa, aukin atvinnuþátttaka kvenna svo og að eigna- og tilfærslutekjur, sem eru hluti af ráðstöfunartekjum, hafa sum árin aukist meira en atvinnutekjur. Þetta bendir til, að kaupmáttur kauptaxta sé að mörgu leyti gallaður mælikvarði á þróun tekna og kaupgetu almennings. Á árinu minnkaði kaupmáttur atvinnutekna launþega á mann um 0,7%, og er þá miðað við verðlag einkaneyslu. Kaupmáttur atvinnutekna launþega, sjómanna og bænda féll hins vegar um 1,4% samanborið við 2,9% aukningu 1981 og 2,5% minnkun 1980. Öll þessi ár jukust heildartekjur lítilla meira en atvinnutekjur. Á árinu 1982 jókst skattbyrði hins vegar, þannig að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann er talinn hafa minnkað um 2,1% samanborið við 3,4% aukningu 1981 og 1,7% minnkun 1980.

## Verðþróun

Verðbólga jókst töluvert á árinu. Vísitala framfærslukostnaðar hækkaði um 51% milli ársmeðaltala, sem var svipað og árið áður. Hækkunin frá upphafi til loka árs varð hins vegar 59,2% samanborið við 41,9% árið áður. Sýnir þetta, hvernig verðbólgan jókst jafnt og þétt eftir því sem leið á árið. Þar sem niðurgreiðslur voru auknar, sérstaklega á fyrri hluta ársins, er framfærslukostnaðurinn að nokkru leyti brenglaður mælikvarði á hina almennu verðlagsþróun. Verðvísitala einkaneyslu, sem er almennari mælikvarði, hækkaði um 54% samanborið við 50,5% árið 1981. Verðvísitala þjódarframleiðslu, sem einnig er almennur verðlagsmælikvarði, hækkaði um 54,4% samanborið við 50,4% árið áður. Vísitala byggingarkostna-

aðar hækkaði um 56% milli ársmeðaltala og 63% frá upphafi til loka árs.

Verðhækkningar má einkum rekja til hækkana innflutningsverðs í erlendri mynt, gengisbreytinga, grunnkaupshækkana, fyrirkomulags verðbóta á laun og stjórnvaldsaðgerða, sem hafa áhrif á þessa þætti, einkum verðbætur á laun. Dæmi um slíkar stjórnvaldsaðgerðir eru niðurgreiðslur eða bein skerðing verðbóta. Hækkun innflutningsverðs í erlendri mynt var ekki til að dreifa á síðasta ári. Þvert á móti lækkaði það. Grunnkaupshækkningar áttu sér stað á árinu, en það kemur á móti, að vísitölubætur launa voru skertar í tvígang, þ.e. 1. september um 2,9 prósentustig og 1. desember um 7,7 prósentustig. Seinni skerðingin kom þó það seint, að hún hafði lítil áhrif á verðbólguhraða ársins. Því er ótvírætt, að grunnkaupshækkningar höfðu einhverv áhrif til aukningar verðbólguhraðans á seinni hluta ársins. Stjórnvöld ákváðu í upphafi ársins að auka niðurgreiðslur með það að markmiði að draga úr hækkun framfærslukostnaðar og verðbótum á laun á fyrri hluta ársins. Alls voru niðurgreiðslur auknar um sem nemur 5,6% af framfærslukostnaði á tímabilinu janúar til júní. Mest kom í febrúar og maí eða 2,8% og 2% í hvort skipti.



Meginástæða aukinnar verðbólgu á síðasta ári lá í stórauðni gengisgis og stórum gengisfellingum á árinu. Þessi iækkun gengis íslensku krónunnar reyndist nauðsynleg til að vinna gegn vaxandi viðskiptahalla við útlönd og til að milda þau áföll, sem útflutningsgreinarnar urðu fyrir á árinu. Einnig var um uppsafnaða gengisfellingarþörf frá fyrra ári að ræða, en þá hækkaði raungengi krónunnar, sérstaklega á seinni hluta ársins. Verð erlendra gjaldmiðla hækkaði um 61% frá fyrra ári samanborið við 37% árið 1981, en 90% frá upphafi til loka árs samanborið við 20% árið 1981. Mest varð hækkun gengis íslensku krónunnar á seinustu tveim fjórðungum ársins, en gengi hennar var fellt um 13% 21. ágúst. Hafði þetta áhrif til aukningar verðbólgu á seinni hluta ársins.

Tólf mánaða hækkun framfærslukostnaðar var 42% í febrúar, en um 44% án niðurgreiðslna. Í maí varð hækkun framfærslukostnaðar um 46%, en um 50% án niðurgreiðslna. Þrátt fyrir auknar niðurgreiðslur hélt verðbólgan áfram að vaxa, og 12 mánaða hækkun framfærslukostnaðar varð um 50% í ágúst, en um 53% án niðurgreiðslna. Í nóvember var áhrifa grunnkaupshækkanna í júlí og gengisfellingarinnar í ágúst farið að gæta með miklum þunga, enda varð tólf mánaða hækkun framfærslukostnaðar um 60% að meðtöldum niðurgreiðslum, en 63% án þeirra. Verðbólgan jókst enn á tveim síðustu mánuðum ársins, og alls varð hækkun framfærslukostnaðar um 59% frá upphafi til loka árs eða svipað og á árunum 1979 og 1980, sem voru metár, að því er þetta varðar.

### III. UTANRÍKISVIÐSKIPTI OG GREIÐSLUJAFNAÐUR

#### Óhagstæð þróun utanríkisviðskipta og greiðslujafnaðar

Þróun utanríkisviðskipta og greiðslujafnaðar varð mjög óhagstæð á árinu 1982. Gjaldeyrisverðmæti vöruútflutnings dróst saman um nálægt 20% miðað við árið áður, en vöruinnflutnings aðeins um rúm 4%. Afleiðingin af þessu varð sú, að vöruskiptahallinn jókst úr því að vera 1% af þjóðarframleiðslu á árinu 1981 í 6,1% á árinu 1982. Halli á þjónustujöfnuði 1982 varð svo til óbreyttur, 3,9% af þjóðarframleiðslu samanborið við 4% árið áður. Halli á viðskiptajöfnuði 1982 reyndist því 10% af þjóðarframleiðslu, en var 5% árið áður. Þótt fjármagnsjöfnuður skilaði því nær jafnmiklum afgangi og árið áður, nægði hann ekki til þess að jafna viðskiptahallann, og varð heildargreiðslujöfnuður óhagstæður um 1.164 m.kr., sem kom fram í samsvarandi lækkun gjaldeyrisstöðu. Svarar rýrnunin til 3,7% af þjóðarframleiðslu, en undanfarin sex ár hefur heildargreiðslujöfnuður verið hagstæður á bilinu 1,3%—2,1% af þjóðarframleiðslu. Tafla III.1. hér að neðan sýnir helstu þætti greiðslujafnaðar 1981 og 1982, þar sem tölurnar fyrir árið 1981 hafa verið umreiknaðar til meðalgengis 1982.<sup>1)</sup>


*Tafla III.1. Greiðslujafnaðaryfirlit.  
(Í m.kr. á meðalgengi 1982)*

	1981	1982
Innfluttar vörur, f.o.b. ....	—10838	—10364
Útfluttar vörur, f.o.b. ....	10523	8479
Vöruskiptajöfnuður ....	—315	—1885
Þjónustujöfnuður ....	—1331	—1225
Viðskiptajöfnuður ....	—1646	—3110
Framlög án endurgjalds ....	—37	—56
Fjármagnsjöfnuður ....	2345	2002
Úthlutun SDR ....	38	—
Heildargreiðslujöfnuður ....	700	—1164

<sup>1)</sup> Allur talnasamanburður árána 1981 og 1982 í þessum kafla er gerður á sambærilegu gengi, annaðhvort á meðalgengi eða árslokagengi 1982, eftir því sem við á. Gjaldaliðir og neikvæðir jöfnuðir eru sýndir með mínusmerki.



## Útflutningur




Hinn mikli samdráttur í útflutningi á árinu 1982 átti rætur að rekja til minnkandi framleiðslu og söluörðugleika á erlendum mörkuðum, sem leiddu til mikillar birgðasöfnunar, einkum í skreið og áli. Loðnuveiðar brugðust alveg, og mikill samdráttur varð í þorskafla. Sökum markaðsörðugleika í Nígeríu tók því nær fyrir útflutning á skreið þangað, en á árunum 1980 og 1981 höfðu markaðsskilyrði þar verið góð og því mikið verkað af skreið. Framan af árinu 1982 var enn mikið verkað af skreið fyrir Nígeríumarkað, og voru því skreiðarbirgðir miklar við árslok. Þróun útflutningsverðlags margra annarra sjávarafurða var óhagstæð, einkum mjöls og lýsis. Afleiðingin af þessu varð því samdráttur í útflutningi sjávarafurða um tæp 23%. Verðmæti álútflutnings lækkaði um 16,6%, en útflutningsverðmæti kísiljárns jókst um tæp 23%. Lítils háttar samdráttur varð í útflutningsverðmæti annarra iðnaðarvara og kemur þar til, að gengisþróun var þeim iðnaðarútflutningi óhagstæð, sem verðlagður er í Evrópu-gjaldmiðlum, vegna lækkandi gengis þeirra gagnvart dollar. Útflutningsverðmæti landbúnaðarafurða dróst saman um 25%.

Tafla III.2. Útflutningur helstu vöruflokka.  
(F.o.b.-verð í m.kr. á meðalgengi ársins 1982)

	1978	1979	1980	1981	1982
Sjávarafurðir .....	5487	6328	7373	8235	6361
Par af: saltfiskur .....	733	931	1239	1718	1577
Skreið .....	301	155	740	1309	307
Frystur þorskafla .....	2395	2775	2818	2764	2755
Lýsi .....	334	368	342	351	127
Mjöl .....	888	815	799	681	242
Humar, rækja, hörpuðiskur .....	220	225	309	314	342
Saltsild .....	171	237	230	258	222
Landbúnaðarafurðir .....	167	216	170	143	107
Iðnaðarvörur .....	1418	1831	2136	2027	1888
Par af: ál .....	965	1141	1197	1021	852
Kísiljárn .....	—	100	179	200	243
Aðrar iðnaðarvörur .....	453	590	760	806	793
Aðrar vörur .....	109	98	170	118	123
Útflutningur alls	7181	8473	9849	10523	8479

Tafla III.2. sýnir skiptingu útflutnings á helstu vöruflokka sl. fimm ár, og hafa tölur fyrri ára verið umreiknaðar til meðalgengis ársins 1982 samkvæmt vísitölu meðalgengis. Verðmæti sjávarafurða í heildarútflutningi nam 75% árið 1982, sem er heldur lægra hlutfall en árið áður, en svipað hlutfall og árin þar á undan.

Tafla III.3. sýnir skiptingu inn- og útflutnings eftir löndum. Engar teljandi breytingar urðu á skiptingu innflutnings eftir löndum, en aftur á móti verulegar breytingar á skiptingu útflutnings, sem er afleiðing þess, að útflutningur til Nígeríu féll úr 13,1% af heildarútflutningi 1981 í 3,8% 1982, og við það jókst hlutdeild allra annarra



Tafla III.3. Skipting inn- og útflutnings eftir löndum.  
(Í prósentum af heildarinn- og útflutningi)

	1978	1979	1980	1981	1982
<i>Innflutningur:</i>					
EFTA .....	22,1	22,7	21,3	23,9	22,2
EBE <sup>1)</sup> .....	47,1	46,4	44,0	44,4	45,9
Austur-Evrópa .....	10,3	12,7	11,1	9,3	10,3
Norður-Ameríka .....	7,5	7,1	10,8	8,9	9,0
Önnur lönd .....	13,0	11,1	12,8	13,5	12,6
<i>Útflutningur:</i>					
EFTA .....	12,9	13,6	15,1	17,7	19,1
EBE <sup>1)</sup> .....	33,1	39,8	38,7	31,3	32,7
Austur-Evrópa .....	7,7	8,1	8,9	7,9	8,4
Norður-Ameríka .....	29,7	28,5	22,1	21,5	26,3
Önnur lönd .....	16,6	10,0	15,2	21,6	13,5

<sup>1)</sup> Grikkland meðtalið.

landsvæða en þess, sem Nígíría telst til, en mest þó hlutdeild Norður-Ameríku, sem jókst úr 21,5% af heildarútflutningi 1981 í 26,3% 1982.

Tafla III.4. Útflutningsvörubirgðir.  
(Í m.kr. á gengi dollars í árslok 1982)

	1978	1979	1980	1981	1982
Sjávarafurðir .....	1115	1601	1676	2096	3122
Landbúnaðarafurðir .....	165	149	96	130	70
Kisilgúr .....	2	6	6	8	5
Ál .....	163	100	224	411	595
Kisiljárn .....	—	44	55	61	39
	1445	1900	2057	2706	3831

**Birgðir  
útflutningsvara**


Tafla III.4. sýnir verðmæti útflutningsvörubirgða í árslok sl. fimm ár miðað við verðlag í lok hvers árs, en umreiknað miðað við skráð gengi á bandarískum dollar í árslok 1982. Mun meiri birgðaaukning varð á árinu 1982 en undanfarin ár. Um ástæður til þess vísast til þess, sem sagt er hér að framan um útflutning.

*Tafla III.5. Vöruinnflutningur 1981—1982.  
(F.o.b.-verð í m.kr. á meðalgengi ársins 1982)*

	1981	1982	Breyting á árinu 1982 (%)
Innfluttar vörur alls, f.o.b. ....	—10838	—10364	—4,4
Sérstakar fjárfestingarvörur .....	—897	—501	—44,1
Par af: skip og flugvélar .....	—538	—399	—25,8
Vegna Landsvirkjunar .....	—209	—92	—66,0
Vegna álbræðslu .....	—139	—10	—92,8
Vegna járnblendiverksmiðju .....	—11	—	—
Rekstrarvörur v/álbræðslu .....	—637	—614	—3,6
Rekstrarvörur v/járnblendiverksmiðju .....	—108	—97	—10,2
Almennur innflutningur .....	—9196	—9152	—0,5

**Þróun innflutnings**

Tafla III.5. sýnir f.o.b.-verð innflutnings 1981 og 1982 skipt á nokkra helstu liði og hlutfallslega breytingu á árinu 1982 miðað við árið áður. Sést þar, að heildarinnflutningur hefur dregist saman um 4,4% á árinu, og er það því nær eingöngu af völdum samdráttar í innflutningi sérstakra fjárfestingarvara, en ekki varð teljandi samdráttur í almennum innflutningi.



*Tafla III. 6. Almennur innflutningur.  
(C.i.f.-verð í m.kr. á mánaðarlegu meðalgengi 1982)*

	1981			1982			Hlutfalls- breyting %		
	Olía	Annar	Alls	Olía	Annar	Alls	Olía	Annar	Alls
Janúar . . . .	86	367	453	72	433	505	—16,3	18,0	11,5
Febrúar . . . .	143	417	560	218	538	756	52,4	29,0	35,0
Mars . . . . .	146	526	672	46	684	730	—68,5	30,0	8,6
Apríl . . . . .	108	522	630	114	593	707	5,6	13,6	12,2
Mái . . . . .	68	674	742	54	749	803	—20,6	11,1	8,2
Júní . . . . .	176	779	955	64	803	867	—63,6	3,1	—9,2
Júlí . . . . .	92	733	825	164	698	862	78,3	—4,8	4,5
Ágúst . . . . .	118	665	783	174	650	824	47,5	—2,3	5,2
September . .	261	877	1138	186	913	1099	—28,7	4,1	—3,4
Október . . . .	266	928	1194	87	836	923	—67,3	—9,9	—22,7
Nóvember . . .	232	966	1198	380	924	1304	63,8	—4,3	8,8
Desember . . .	223	1017	1240	179	865	1044	—19,7	—14,9	—15,8
Samtals	1919	8471	10390	1738	8686	10424	—9,5	2,5	0,3
I. ársfj.	375	1310	1685	336	1655	1991	—10,4	26,3	18,2
II. ársfj.	352	1975	2327	232	2145	2377	—34,1	8,6	2,1
III. ársfj.	471	2275	2746	524	2261	2785	11,3	—0,6	1,4
IV. ársfj.	721	2911	3632	646	2625	3271	—10,4	—9,8	—9,9

Tafla III.6. sýnir mánaðarlegan almennan innflutning 1981 og 1982 skipt á olíuinnflutning og annan almennan innflutning á mánaðarlegu meðalgengi ársins 1982, þ.e. tölur fyrir hvern mánuð 1981 hafa verið umreiknaðar til sambærilegs meðalgengis viðkomandi mánaðar 1982. Tölur í þessari töflu eru á c.i.f.-verði, en í töflu III.5. eru innflutningstölur á f.o.b.-verði. Verður bæði þetta og munur á gengisumreikningi til þess að valda þeim mun, sem gætir milli talna um hlutfallsbreytingu í töflum III.5. og III.6. Eins og sjá má í töflu III.6. jókst almennur innflutningur aðeins um 0,3% á árinu 1982, sem er tæpast marktæk breyting, en sé innflutningur olíu undanskilinn, jókst annar almennur innflutningur um 2,5%. Á fyrstu mánuðum ársins jókst innflutningur mjög mikið í beinu framhaldi af sömu þróun fyrra árs, einkum síðustu mánaða ársins. Á fyrri helmingi ársins 1982 jókst almennur innflutningur annar en olía um 15,7% miðað við sama tíma árið áður, en dróst saman um 5,8% á síðari helmingi ársins, og var samdrátturinn mestur á síðasta ársfjórðungi.


## Vöruskiptajöfnuður

Vöruskiptajöfnuður 1982 varð óhagstæður um 1.885 m.kr. á móti 315 m.kr. óhagstæðum jöfnuði árið áður umreiknað á meðalgengi 1982 og versnaði frá árinu áður um 1.570 m.kr. Sé vöruskiptajöfnuður árána 1981 og 1982 leiðréttur fyrir breytingu útflutningsvörubirgða, sem jukust um 1.064 m.kr. 1982 á móti 407 m.kr. 1981, lækkar mismunurinn um 657 m.kr. eða í 913 m.kr., en sé þar að auki sveiflum í innflutningi sérstakra fjárfestingarvara jafnað milli ára með meðaltali síðustu þriggja ára, reynist vöruskiptajöfnuður 1.309 m.kr. óhagstæðari 1982 en árið áður.


Tafla III.7. Þjónustujöfnuður 1981—1982.  
(Í m.kr. á meðalgengi ársins 1982)

	1981	1982	Breyting í % 1981—1982
Þjónustujöfnuður .....	—1331	—1225	.
Innflutt þjónusta, alls .....	—5116	—5809	13,5
Útflutt þjónusta, alls .....	3785	4584	21,1
Útgjöld af ferða- og dvalarkostnaði .....	—810	—911	12,5
Tekjur af erlendum ferðamönnum .....	254	314	23,6
Útgjöld v/samgangna .....	—1980	—2315	16,9
(Par af v/flugfélaga) .....	(—818)	(—1176)	(43,8)
Tekjur af samgöngum .....	1948	2280	17,0
(Par af v/flugfélaga) .....	(1137)	(1498)	(31,8)
Vaxtagjöld .....	—1546	—1815	17,4
Vaxtatekjur .....	254	340	33,9
Útgjöld vegna trygginga .....	—145	—160	10,3
Tekjur af tryggingum .....	118	100	—15,3
Tekjur af varnarliði, nettó .....	800	1089	36,1
Ýmis útgjöld .....	—635	—608	—4,3
(Par af vegna álbræðslu) .....	(—293)	(—226)	(—22,9)
Ýmsar tekjur .....	411	461	12,2





## Þjónustujöfnuður



Til þjónustujafnaðar teljast tekjur og gjöld af ferðalögum, samgöngum, tryggingum, vaxtagreiðslum, viðskiptum við varnarliðið o.fl. Samkvæmt bráðabirgðayfirliti er áætlað, að þjónustutekjur hafi numið 4.584 m.kr., og er það 21% aukning frá fyrra ári. Þjónustugjöld námu 5.809 m.kr., sem er 13,5% aukning frá árinu áður. Þjónustujöfnuður varð því óhagstæður um 1.255 m.kr., og er það dálítill bati frá fyrra ári, en þá reyndist hann óhagstæður um 1.331 m.kr. Mun minni aukning varð nú á útgjöldum vegna ferða- og dvalarkostnaðar en árið áður, en allmiklu meiri aukning á tekjum af erlendum ferðamönnum. Tekjur og útgjöld vegna samgangna jukust um svipað hlutfall og héldust áfram nokkurn veginn í jöfnuði. Vaxtagjöld nettó hækkuðu um 183 m.kr. eða 14%, sem er verulega minni aukning en árið áður, en þá nam aukningin 44%. Mikil aukning varð á tekjum af varnarliðinu á árinu, og nam aukningin 289 m.kr. eða 36%, en árið áður nam aukningin aðeins 9%. Tafla III.7. sýnir samanburð á helstu liðum þjónustujafnaðar árin 1981 og 1982 ásamt hlutfallslegri breytingu milli ára.

## Viðskiptajöfnuður

Viðskiptajöfnuður (vöruskipta- og þjónustujöfnuður) reyndist samkvæmt beinum greiðslujafnaðartölum óhagstæður á árinu 1982 um 3.110 m.kr., sem jafngildir 10% af þjóðarframleiðslu. Árið áður var viðskiptajöfnuður á sama hátt óhagstæður um 1.646 m.kr. eða 5% af þjóðarframleiðslu. Sé viðskiptajöfnuður árána 1981 og 1982 hins vegar leiðréttur fyrir breytingu útflutningsvörubirgða og sveiflum í innflutningi sérstakra fjárfestingarvara jafnað milli ára eins og nánar var útskýrt í sambandi við vöruskiptajöfnuð hér að framan, reynist viðskiptajöfnuður 1982 vera óhagstæður um 2.266 m.kr. eða 7,3%

## Framlög án endurgjalds

## Fjármagnsjöfnuður


af þjóðarframleiðslu, en viðskiptajöfnuður 1981, leiðréttur á sama hátt, óhagstæður um 1.063 m.kr. eða 3,3% af þjóðarframleiðslu.

Framlög án endurgjalds, en til þeirra teljast eignayfirfærslur, rekstrarframlög til alþjóðastofnana og gjafafé, urðu óhagstæð um 56 m.kr. á árinu 1982, sem er nokkru hærri upphæð en árið áður, er hún nam 37 m.kr.

Fjármagnsjöfnuður er yfirlit um allar lántökur erlendis og afborganir af þeim, svo og fjármagn til fjárfestingar, sem annað hvort kemur erlendis frá eða fer héðan til annarra landa, og ýmsar aðrar fjármagnshreyfingar. Lánahreyfingum er annars vegar skipt í hreyfingar til lengri tíma en eins árs, og eru þær nefndar lánahreyfingar til lengri tíma, og hins vegar skammtímalán. Alls varð fjármagnsjöfnuður hagstæður um 2.002 m.kr. á árinu 1982, sem er heldur lægri upphæð en árið áður, er hann var hagstæður um 2.345 m.kr.

Tafla III.8. Hreyfingar langra erlendra lána.  
(Í m.kr. á meðalgengi ársins 1982)

	Innkomið		Afborganir		Nettóaukning	
	1981	1982	1981	1982	1981	1982
Opinberir aðilar .....	1302	2206	401	453	901	1753
Lánastofnanir .....	885	1123	354	468	531	655
Einkaaðilar .....	562	296	264	329	298	—33
Samtals .....	2749	3625	1019	1250	1730	2375



Mikilvægustu liðir fjármagnsjafnaðarins eru langar lántökur og afborganir af slíkum lánum. Tafla III.8. sýnir bráðabirgðatölur um hreyfingar langra erlendra lána á árinu 1982, skipt á opinbera aðila, lánastofnanir og einkaaðila, eftir því hverjir af þessum aðilum eru frumlántakendur, þ.e. hafa tekið lánin hjá hinum erlendu aðilum. Til samanburðar eru sýndar tölur fyrir 1981, umreiknaðar til meðalgengis 1982. Samtals námu innkomin löng lán 3.625 m.kr., en afborganir 1.250 m.kr., þannig að nettólántökur til langs tíma námu 2.375 m.kr. samanborið við 1.730 m.kr. árið áður. Samkvæmt bráðabirgðatölum var heildarupphæð langra erlendra lána 19.830 m.kr. í árslok 1982 reiknað á gengi í árslok, en 14.880 m.kr. reiknað á meðalgengi ársins, og svarar það til 48% af vergri þjóðarframleiðslu, en það er hæsta hlutfall, sem verið hefur, og hafði hækkað úr 36,7% 1981. Hefur stöðnun þjóðarframleiðslu haft hér veruleg áhrif til hækkunar skuldastöðuhlutfallsins. Greiðslubyrði af löngum lánum, það er afborganir og vextir, nam samkvæmt bráðabirgðatölum 21,4% af útflutningstekjum, sem er mikil hækkun frá fyrra ári, en þá var greiðslubyrðin 16,4%. Er hér, auk áhrifa af aukinni skuldsetningu, um að ræða áhrif af lækkandi útflutningstekjum. Línurit hér til hliðar sýnir skuldastöðu langra erlendra lána á meðalgengi

hvers árs í hlutfalli af vergri þjóðarframleiðslu ásamt greiðslubrýði slíkra lána í hlutfalli af útflutningstekjum sl. tíu ár. Tafla III.9. sýnir stöðu langra erlendra lána í árslok 1980—1982 skipt á endanlega notendur þeirra eftir helstu atvinnugreinum, þar sem frumlánunum ríkissjóðs og lánastofnana er skipt á endanlega notendur lána.

Tafla III.9. Löng erlend lán, flokkuð eftir endanlegum notendum.  
(Staða í árslok í m.kr. á gengi í hver árslok)

	1980	1981	1982
Opinber þjónusta .....	543	885	2093
ríkissjóður og stofn. ....	494	808	1896
sveitarfélög .....	49	77	197
Orkumál .....	2811	4056	9805
Sjávarútvegur .....	1093	1498	3226
Iðnaður .....	490	689	1686
Samgöngur .....	794	1167	2445
Aðrir .....	127	175	427
Lánastofnanir .....	—	—	148
Erlend lán, alls .....	5858	8470	19830



Stutt vörukaupalán innflytjenda ásamt endurlánuðum skammtímalánum bankanna lækkuðu um 135 m.kr. reiknað á meðalgengi 1982, en ógreiddur útflutningur jókst um 80 m.kr. reiknað á sama hátt. Nam nettóinnstreymi á þessum mikilvægu liðum fjármagnsjafnaðarins, langtímalánum, stuttum vörukaupalánum innflytjenda, endurlánuðum skammtímalánum bankanna og ógreiddum útflutningi, 2.160 m.kr. Á öðrum liðum fjármagnsjafnaðarins, sem eru erlent einkafjármagn til atvinnurekstrar og ýmsar stuttar fjármagnshreyfingar að meðtöldum skekkjum og vantöldu nettó, var nettóúttreymi 158 m.kr. Í heild nam nettóinnstreymi á fjármagnsjöfnuði 2.002 m.kr. eins og fyrr segir.


Tafla III.10. Staða þjóðarbúsins út á við í árslok.  
(Í m.kr. á meðalgengi hvers árs)

	Löng erlend lán	Nettóskuld við útlönd	Staða í hlutfalli (%) af vergri þjóðarframl.		Greiðslubrýði (vextir og afb.) í % af útflutningst.
			Löng lán	Nettóskuld	
1974 .....	337,9	345,9	23,9	24,5	11,2
1975 .....	672,8	727,1	34,9	37,7	14,2
1976 .....	898,5	940,0	33,8	35,3	13,8
1977 .....	1205,5	1205,8	31,6	31,6	13,7
1978 .....	1944,3	1848,2	33,7	32,0	13,1
1979 .....	2909,5	2703,2	34,4	32,0	12,8
1980 .....	4623,1	4248,9	34,4	31,6	14,1
1981 .....	7523,2	6525,2	36,7	31,8	16,4
1982 .....	14880,0	14984,0	47,9	48,2	21,4

Nettóstaða þjóðarbúsins út á við samanstendur af öllum skuldum Íslands við önnur lönd, að frádregnum erlendum inneignum og öðrum



kröfum á útlönd. Erlendri fjárfestingu í atvinnurekstri á Íslandi og íslenskrri fjárfestingu í atvinnurekstri erlendis er sleppt. Tafla III.10. sýnir, að nettóskuldir við útlönd námu 14.984 m.kr. í árslok 1982 reiknað á meðalgengi ársins, sem jafngildir 48,2% af vergri þjóðarframleiðslu. Það er mikil hækkun frá því, sem verið hefur, og er nú heldur hærra en skuldahlutfall langra lána einna sér. Fimm árin næst á undan hefur nettóstöðuhlutfallið haldist nálægt 32%, en hæst hefur það áður komist í 37,7% árið 1975 og hafði þá hækkað úr 24,5% árið á undan. Tafla III.10. sýnir einnig stöðu langra erlendra lána í hlutfalli af vergri þjóðarframleiðslu og má sjá, að hlutfallið hefur farið hækkandi síðustu fimm árin, en mest var hækkunin á síðasta ári, og hefur hlutfallið aldrei verið hærra en í árslok 1982 eins og fyrr er greint frá. Að lokum er sýnd greiðslubyrði vaxta og afborgana af erlendum langtímalánum í hlutfalli af útflutningstekjum. Hækkaði það hlutfall mjög mikið á árinu 1982.



Tafla III.11. Gjaldeyrisstaða bankanna.  
(Í m.kr. á gengi í árslok 1982)

	1979	1980	1981	1982
Seðlabankinn:				
Gjaldeyrisforði	2578	2793	3760	2441
Gjaldeyrissskuldir	892	470	498	947
Nettóstaða Seðlabankans	1686	2323	3262	1494
Viðskiptabankar, nettó	136	152	98	180
Gjaldeyrisstaða bankanna, nettó	1822	2475	3360	1674

Tafla III.11. sýnir gjaldeyrisstöðu bankanna sl. fjögur ár, en þar eru tölur umreiknaðar úr erlendri mynt í íslenskar krónur á skráðu gengi í árslok 1982.


Í 9. töflu í töfluviðauka hér aftan við er hins vegar að finna yfirlit yfir gjaldeyrisstöðu sl. tólf ár á því gengi, sem gildi á hverjum tíma. Í töflu III.11. kemur fram, að gjaldeyrisforði Seðlabankans nam 2.441 m.kr. í árslok 1982, sem svarar til 20,1% af f.o.b.-verði almenns innflutnings, og er þetta lægra hlutfall en verið hefur síðan 1975. Í árslok 1981 var hlutfallið 29,3%.

## Gjaldeyrisstaða bankanna



## IV. FJÁRMÁL RÍKISSJÓÐS

### Greiðsluafkoma



Ríkissjóður sýndi hagstæða greiðsluafkomu á árinu 1982, fjórða árið í röð. Greiðslujöfnuðurinn varð jákvæður um 147 m.kr. eða 0,5% af þjódarframleiðslu samanborið við 185 m.kr. og 0,9% af þjódarframleiðslu á árinu 1981. Lánveitingar ríkissjóðs voru óvenjumiklar eða 523 m.kr. nettó og því myndaðist fjármagnsþörf, sem nam 285 m.kr. Hún var að fullu fjármögnuð með lántökum utan bankakerfisins, sem voru 639 m.kr., en lausaskuldir minnkuðu um 207 m.kr. Af 147 m.kr. greiðsluafgangi fóru 126 m.kr. í að bæta stöðu ríkissjóðs við Seðlabankann. Til greiðslu afborgana af skuldabréfum og víxlum í Seðlabankanum fóru 160 m.kr., en staða á viðskiptareikningum við bankann versnaði um 34 m.kr. Tafla IV.1. sýnir greiðslufirlit ríkissjóðs á greiðslugrunni fyrir árin 1976 til 1982.


Tafla IV.1. Yfirlit um fjármál ríkissjóðs á greiðslugrunni.  
(Í milljónum króna)

	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982 <sup>1)</sup>
1 Tekjur .....	683	956	1543	2378	3681	5993	9562
2 Gjöld .....	698	1011	1611	2467	3766	6075	9324
3 Tekjuafgangur (1—2) .....	—15	—55	—68	—89	—85	—82	238
4 Viðskiptaskuldir og lán utan Seðlabankans .....	10	37	30	112	147	267	—91
5 Greiðsluafgangur (3—4) .....	—5	—18	—38	23	62	185	147
51 Gagnvart Seðlabanka .....	—9	—21	—46	22	45	164	126
52 Bankainnst. og sjóður .....	4	3	8	1	17	21	21

Hlutfall af vergri þjódarframleiðslu hvers árs (%)

1 Tekjur .....	25,7	25,1	26,7	28,1	27,4	29,2	30,8
2 Gjöld .....	26,2	26,5	27,9	29,2	28,0	29,6	30,0
3 Tekjuafgangur .....	—0,6	—1,4	—1,2	—1,1	—0,6	—0,4	0,8
5 Greiðsluafgangur .....	—0,2	—0,5	—0,7	0,3	0,5	0,9	0,5

1) Bráðabirgðatölur.





### Skuldir við Seðlabankann

Skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann hafa farið lækkandi á undanförunum fjórum árum. Hér kemur annars vegar til hagstæð afkoma ríkissjóðs og hins vegar rýrnun skuldarinnar af völdum verðbólgu og neikvæðra raunvaxta á skuld ríkissjóðs við Seðlabankann.

Ef skuld ríkissjóðs við Seðlabankann í árslok er færð til meðalverðlags ársins og sett í hlutfall við verga þjóðarframleiðslu, kemur í ljós, að hún var 0,4% af þjóðarframleiðslu á árinu. Hafði hún þá lækkað úr 0,9% árið áður og 1,8% á árinu 1980. Skuldin hefur ekki verið lægri í hlutfalli við þjóðarframleiðslu síðan á árinu 1972. Meðfylgjandi línurit sýnir skuld ríkissjóðs við Seðlabankann á verðlagi í árslok 1982.

### Þróunin innan ársins

Staða ríkissjóðs við Seðlabankann var að meðaltali 272 m.kr. lakari á árinu en í upphafi þess. Skuld ríkissjóðs við Seðlabankann er breytileg á milli mánaða og innan hvers mánaðar. Hún vex hratt í byrjun hvers mánaðar, en snöggglækkar síðan í lok hans. Að jafnaði vex hún í upphafi ársins, en minnkar á síðustu mánuðum þess. Þetta skýrir, hvers vegna staða ríkissjóðs við Seðlabankann getur að meðaltali verið verri á árinu en í upphafi þess, jafnvel þótt hún batni yfir árið í heild, þ.e. frá upphafi til loka þess. Hve miklu munar á þessu, ræðst af umfangi árstíða- og innanmánaðarsveiflu fjárhags ríkissjóðs.



Árstíðasveifla afkomu ríkissjóðs varð tiltölulega minni á síðasta ári en mörg undanfarin ár að undanskildu árinu 1980. Þetta má m.a. sjá á meðfylgjandi línuriti, sem sýnir meðalskuld ríkissjóðs í Seðlabankanum í hverjum mánuði umfram skuldastöðu í ársbyrjun. Línuritið sýnir, að yfirdráttur ríkissjóðs í Seðlabankanum náði að jafnaði hámarki í júlímánuði á árunum 1977—1981. Svo var einnig á síðasta ári. Hins vegar var yfirdrátturinn minni á fyrri hluta ársins en oft áður, en minnkaði að sama skapi minna á seinni hluta ársins. Svipaða sögu má segja, ef litið er á þróun greiðsluhalla ríkissjóðs innan ársins (sjá línurit). Óvenjugóð staða ríkissjóðs á fyrri hluta ársins á rætur að rekja til þeirrar eftirspurnarþenslu, sem magnaðist á seinni hluta ársins 1981 og varaði fram yfir mitt árið 1982. Þegar svo eftirspurnarþenslan minnkaði á seinustu mánuðum ársins og innflutningur dróst saman í framhaldi af gengisfellingunni í ágúst, dró úr aukningu innheimtu óbeinna skatta. Hefðbundin árstíðasveifla og mikil aukning beinna skatta nægðu þó til að bæta stöðuna síðustu mánuðina að því marki, að greiðsluafgangur varð yfir árið í heild. Sem dæmi um þróunina innan ársins má geta þess, að fyrstu fjóra mánuði ársins var innheimta óbeinna skatta 72% hærri en á sama tíma árið áður, en innheimta beinna skatta var aðeins 42% hærri. Til samanburðar má geta þess, að heildartekjur ríkissjóðs voru 68% meiri en á sama tíma árið áður, gjöld voru 53% hærri, en verðlag var 44% hærri. Aðflutningsgjöld jukust mest óbeinna skatta eða um 89%, því næst komu vörugjald (75%) og söluskattur og orkujöfnunargjald (71%). Síðustu fjóra mánuði ársins hins vegar var innheimta óbeinna skatta aðeins 56% meiri en á sama tíma árið áður, en verðlagshækk-

## Fyrirgreiðsla Seðlabankans

anir voru komnar í 59%. Mest dró úr aukningu aðflutningsgjalda, sem urðu aðeins 28% meiri en árið áður. Innheimta beinna skatta varð 76% meiri en árið áður. Það ásamt því, að aukning útgjalda á þessu tímabili (57%) varð minni en verðlagshækkanir, gerði það að verkum, að nokkur tekjuafgangur varð á ríkissjóði á síðustu fjórum mánuðum ársins.

Minni árstíðasveiflu og bættri stöðu á árinu í heild fylgdi, að fyrirgreiðsla Seðlabankans varð minni en oft áður. Með fyrirgreiðslu er hér átt við nýja meðalskuld á árinu umfram skuld um áramót. Hún var eins og áður segir 272 m.kr. eða 0,88% af vergri þjóðarframleiðslu samanborið við 1,13% af VÞF árið 1981. Á meðfylgjandi töflu er sýnd meðalfyrirgreiðsla Seðlabankans við ríkissjóð, bæði í m.kr. og sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu. Því meiri sem fyrirgreiðsla Seðlabankans við ríkissjóð er, því meiri aukningaráhrif hefur fjárhagur ríkissjóðs á peningamyndun.

Tafla IV.2. Fyrirgreiðsla Seðlabankans við ríkissjóð.

	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982
Í m.kr. ....	33	32	56	95	123	109	231	272
Hlutfall af VÞF (%) .	1,73	1,20	1,46	1,64	1,45	0,81	1,11	0,88

Fyrirgreiðsla Seðlabankans við ríkissjóð er í samræmi við samning milli bankans og ríkissjóðs. Samkvæmt samningnum miðast árstíðabundin rekstrarfjárfyrirgreiðsla við greiðsluáætlun, sem fjármálaráðuneytið gerir um einstaka mánuði. Af skuld á reikningum, sem er innan umsaminnar greiðsluáætlunar, skal greiða afurðalánavexti (28% á síðasta ári), en á skuld umfram áætlun skal greiða hlaupa-reikningsvexti.

Vextir afurðalána lágu langt undir verðbólguþingi á síðasta ári og í vaxandi mæli, þegar líða tók á árið. Sama má reyndar segja um vexti ríkissjóðs á skuldabréfum í Seðlabankanum, en þeir voru þó hækkadír í byrjun nóvember. Það er ljóst, að þessir lágu vextir og mikil verðbólga bættu stöðu ríkissjóðs, frá því sem ella hefði orðið, og rýrðu skuld hans við bankann. Er áætlað, að greiðsluafgangur ríkissjóðs hefði orðið um 97 m.kr. lakari, ef honum hefðu verið reiknaðir nafnvextir jafnir verðbólguþingi af öllum skuldum hans við Seðlabankann.

Tekjur ríkissjóðs á greiðslugrunni námu 30,8% af vergri þjóðarframleiðslu á síðasta ári samkvæmt bráðabirgðatölum, en gjöldin námu 30,0%. Hafa umsvif ríkisins að tiltölu við þjóðarframleiðslu ekki í annan tíma verið meiri, en á árinu 1981 voru samsvarandi hlutföll 29,2% og 29,6%. Á meðfylgjandi línuriti má sjá tekjur og gjöld ríkissjóðs sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu allt frá árinu 1968. Gæta verður að því, að seinasta ár varð samdráttur í þjóðarfram-

## Þróun tekna og gjalda





leiðslu, og skýrir það að nokkru aukningu umsvifa ríkissjóðs að tiltölu við þjóðarframleiðslu á árinu. Bæði tekjur og gjöld jukust þó umfram verðlagshækkanir. Tekjur hækkuðu um 59,4% og gjöld um 57,7%, en verðlag þjóðarframleiðslu hækkaði um 54,4%. Á tekjuhlið hækkuðu beinir skattar um 62,3%, en óbeinir skattar um 58,1%. Af óbeinum sköttum varð aukning vörugjalds mest eða 76%, söluskattur og orkujöfnunargjald hækkuðu um 61%, en aðflutningsgjöld ekki nema um 48,5%. Árið áður var hækkun aðflutningsgjalda mjög mikil eða 71%, en á árinu 1982 minnkaði innflutningur töluvert, þegar leið á árið. Á útgjaldahlið var hækkun niðurgreiðslna mest, 112,7%, en þær hækkuðu tiltölulega lítið á árinu 1981. Af öðrum stærri útgjaldaliðum má nefna, að útgjöld til mennta-, menningar- og kirkjumála hækkuðu um 63,5%, útgjöld til heilbrigðismála hækkuðu um 61,3%, en útgjöld til velferðarmála ekki nema um 49,9%.

Eins og sést á meðfylgjandi línuriti hafa bæði tekjur og gjöld ríkissjóðs vaxið sem hlutfall af þjóðarframleiðslu yfir allt tímabilið 1968 til 1982. Á tekjuhlið hafa bæði beinir og óbeinir skattar vaxið sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, óbeinir skattar þó mun meira. Reyndar verður öll hækkun beinu skattanna á árunum 1972—75 og hafa þeir síðan lækkað, ef eitthvað er. Aukning óbeinu skattanna stafar að mestu af hækkun söluskatts og tilkomu vörugjalds á árinu 1975, en það óx úr 0,5% af þjóðarframleiðslu á því ári í 2% árið 1981. Aðflutningsgjöld hafa hins vegar minnkað á tímabilinu. Á gjaldahlið jukust rekstrargjöld á tímabilinu í heild, fjármunamyndun stóð í stað, en fjármagnstilfærslur minnkuðu. Af rekstrargjöldum jukust bæði samneysla og tilfærslur, en samneysla þó sýnu meira. Þessa þróun má sjá nánar á meðfylgjandi töflu, sem sýnir tekjur og gjöld ríkissjóðs á rekstrargrunni sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Til að draga fram tilhneigingar til lengri tíma eru sýnd fjögurra ára meðaltöl og meðaltöl árána 1980 og 1981.

Tafla IV.3. Tekjur og gjöld ríkissjóðs á rekstrargrunni í hlutfalli við verga þjóðarframleiðslu.


	1968- 1971	1972- 1975	1976- 1979	1980- 1981
Tekjur, alls .....	23,3	26,5	27,7	30,0
Beinir skattar .....	4,4	5,8	5,0	5,7
Óbeinir skattar .....	18,4	20,5	22,2	23,7
Aðflutningsgjöld .....	6,7	6,1	4,3	3,7
Söluskattur .....	5,4	7,5	9,3	9,9
Gjöld, alls .....	23,5	28,2	27,9	29,1
Rekstrargjöld .....	17,4	21,7	22,3	24,0
Samneysla .....	6,4	7,6	9,2	10,2
Vextir .....	0,4	0,6	1,0	0,8
Tilfærslur .....	10,6	13,5	12,1	13,2
Fjármunamyndun .....	1,9	2,3	1,8	2,1
Fjármagnstilfærslur .....	4,2	4,2	3,8	3,0

## Lánsfjáráætlun

Lánsfjáráætlun gerir grein fyrir lánsfjármögnuðum opinberum framkvæmdum og fjáröflun til þeirra. Til opinberra framkvæmda teljast hér bæði A- og B-hluti ríkissjóðs. Til A-hlutans teljast öll ráðuneytin og tengdar stofnanir. Til B-hlutans teljast ríkisfyrirtæki, sem að mestu fjármagna sig sjálf, t.d. með sölu vöru og þjónustu, og ýmsir sjóðir í eigu ríkisins. Veigamestu lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir A-hlutans eru vegagerð, en veigamestu lánsfjármagnaðar framkvæmdir B-hlutans eru orkuframkvæmdir og byggðalínur. Fjármagnsútgjöld vegna virkjana eru einnig vaxandi liður. Einnig má nefna Póst og síma og Lánasjóð íslenskra námsmanna, en hann lenti í erfiðleikum á árinu vegna mikillar aukningar lánsúmsókna og þurfti því lánsfjármagn umfram það, sem gert hafði verið ráð fyrir í upprunalegri lánsfjáráætlun. Tafla IV.4. sýnir uppgerða lánsfjáráætlun ríkisins árin 1977 til 1982, og tafla IV.5. sýnir lánsfjáráætlun 1982, breytingar hennar og bráðabirgðaniðurstöður.

Tafla IV.4. Lánsfjárbörf ríkisins og fjármögnun hennar.  
(Í milljónum króna)

	1977	1978	1979	1980	1981	1982
Ríkissjóður alls .....	110	134	225	396	652	1259
A-hluti .....	28	44	57	128	239	317
Vegagerð .....	16	22	37	95	136	200
Annað .....	12	22	20	33	103	117
B-hluti .....	82	91	168	268	413	942
Byggðalínur .....	20	34	35	52	68	112
Aðrar orkuframkvæmdir .....	54	39	65	100	188	304
Fjármagnskostnaður .....	—	—	—	42	56	277
Annað .....	8	18	68	74	101	249
Fjármögnun .....	110	134	225	396	652	1259
Innlend lán .....	41	64	81	237	318	459
Spariskírteini .....	24	31	65	70	50	132
Innheimt af endurl. spariskirt.fé umfram innlausn .....	17	27	6	98	110	114
Verðbréfa kaup bankakerfis .....	—	—	—	37	76	70
Verðbréfa kaup lífeyrissjóða .....	—	—	—	12	57	55
Önnur innlend fjáröflun .....	—	6	10	20	26	88
Erlend lán .....	69	63	144	146	334	800
Bráðabirgðalán .....	—	7	13	13	—	—



Heildarlánsfjáröflun ríkissjóðs nam 1.259 m.kr., og var það 86 m.kr. umfram upphaflega áætlun. Þessari viðbót var að mestu mætt með auknum erlendum lántökum, en innlend fjáröflun varð þó 4 m.kr. umfram áætlun. Stafaði það að mestu leyti af vöxtum og afborgunum Landsvirkjunar af skuldabréfi vegna yfirtöku á byggðalínunum, aðveitustöðvum o.fl. Átján m.kr. vantaði hins vegar á nýja spariskírteinasölu, en kjör þeirra voru bætt á fyrri hluta ársins, og um 27 m.kr. vantaði á fjáröflun frá bankakerfinu. Eins og meðfylgjandi línurit ber með sér hefur erlendi hluti fjáröflunarinnar verið að

aukast frá 1980, en lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir hafa aukist að tiltölu við verga þjóðarframleiðslu allt frá árinu 1978.

Tafla IV.5. Lánsfjárætlun ríkisins 1982.  
(Í milljónum króna)


	Láns- fjár- lög	Breyt- ingar	Bráða- birgða- útkoma
Ríkissjóður alls	1.173,2	85,5	1.258,7
A-hluti	374,1	—57,0	317,1
Vegagerð	200,0	—	200,0
Þjóðarþókkhlaða	7,5	—0,1	7,4
Landshafnir	2,5	—	2,5
Hluta- og eiginfjárframlög	43,7	—	43,7
Aðstoð við Flugleiðir	33,1	—	33,1
Styrking dreifikerfis í sveitum	21,0	—6,1	14,9
Hafnargerð vegna skipaiðnaðar	15,5	—	15,5
Ótilgreint	50,8	—50,8	0
B-hluti	799,1	142,5	941,6
Landakaup kaupstaða og kauptúna	4,0	—2,5	1,5
Lánasjóður ísl. námsmanna	50,0	15,1	65,1
Bjargráðasjóður	15,0	—4,0	11,0
Ríkisútvarp	—	0,5	0,5
Lagmetisiðjan Siglósild	1,5	—	1,5
Skipaútgærd ríkisins	53,0	15,2	68,2
RARÍK — almennar framkvæmdir	118,7	10,0	128,7
RARÍK — varaafli fyrir landskerfið	10,0	—	10,0
Byggðalínur	100,5	11,4	111,9
Kröfluvirkjun — framkvæmdir	63,2	—	63,2
Virkjunarrannsóknir — framkvæmdir	22,0	—	22,0
Grænfóðurverksmiðjur	4,0	—1,0	3,0
Orkusjóður — fjármagnskostnaður byggðalína	104,1	35,6	139,7
Orkusjóður — hitaveitulán	7,5	—0,7	6,8
Orkusjóður — jarðhitaleit	7,0	—	7,0
Orkusjóður — annað	6,3	—	6,3
Sementsverksmiðjan	18,0	—	18,0
Landssmiðjan	7,0	—	7,0
Áburðarverksmiðjan	17,0	14,2	31,2
Póstur og sími	41,2	—	41,2
Næstu stórvirkjanir (Blanda)	60,0	—	60,0
Flugmálastjórn, Keflavíkurlflugvelli	0,8	—	0,8
Kröfluvirkjun, fjármagnsútgjöld	71,5	54,1	125,6
Virkjunarrannsóknir, fjármagnsútgjöld	11,4	—	11,4
Fljótsdalsvirkjun, fjármagnsútgjöld	5,4	—5,4	0
Fjármögnun alls	1.173,2	85,5	1.258,7
Innlend lán	455,0	4,0	459,0
Ný spariskírteini	150,0	—18,1	131,9
Innheimt af endurlánuðu spariskirteinafé, nettó	107,0	7,2	114,2
Verðbréfakaup innlánsstofnana	97,0	—26,6	70,4
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	46,0	9,0	55,0
Önnur innlend fjárflyun	55,0	32,5	87,5 <sup>1)</sup>
Erlend lán	718,2	81,5	799,7

1) Vextir og afborganir Landsvirkjunar af skuldabréfi vegna yfirtöku á byggðalín-um, aðveitustöðvum o.fl. 46,5 m.kr., lántaka Bjargráðasjóðs hjá Viðlagatryggingu 3,5 m.kr. og hjá Seðlabankanum 7,5 m.kr., og lántaka ríkissj. hjá Framkvæmdasj. 30 m.kr.



## V. PENINGAMÁL

Samanburður á framvindu peningamála árin 1981 og 1982 sýnir, að það skiptast á skin og skúrir í íslensku efnahagslífi. Á fyrri hluta árs 1981 ríkti betra jafnvægi í peningamálum en um langt skeið undanfarið, innlán jukust mjög mikið og lánsfjáreftirspurn var hófleg, enda hafði verðbólga hjaðnað niður fyrir vexti á algengum lánnum. Þetta reyndist vera lognið á undan storminum. Um miðbik ársins breyttist framvindan til hins verra og á árinu 1982 kom óhagstæð þróun fram með fullum þunga með þeim afleiðingum, að gjaldeyrisstaða bankanna rýrnaði verulega eins og fram kemur í kaflanum um greiðslujöfnuð, og lausafjárstaða innlánsstofnana varð lakari í lok ársins en hún hefur verið á áramótum í hálfan annan áratug. Þessi niðurstaða á að verulegu leyti rætur að rekja til erfiðleika útflutningsatvinnuvega og samdráttar þjóðartekna, sem leiddu í senn til mikillar eftirspurnar eftir rekstrarlánnum og minni peningalegs sparnaðar en ella. Niðurstöðuna ber einnig að skoða í ljósi þess, að verðbólguþig hækkaði mjög á árinu og reis í lok þess hærra en áður eru dæmi til hér á landi. Ennfremur er ljóst, að óhóflegt lánsfjárframboð af innlendum og erlendum uppruna stuðlaði ásamt öðru að því, að útgjöld þjóðarinnar minnkuðu ekki til samræmis við tekjurnar, þannig að mikill halli varð á viðskiptum við útlönd auk þess sem útlánþenslan kynti undir hinni óheillavænlegu verðlagsþróun.



Í þessum kafla um peningamál er að venju fjallað um reikninga Seðlabankans og innlánsstofnana, en öðrum innlendum lánastofnunum svo og erlendum lánnum eru gerð skil annars staðar í ársskýrslunni. Eins og fram kemur hér á eftir jukust lán Seðlabankans mikið á árinu, einkum endurkeypt afurðalán og lán vegna skuldbreytinga. Reynt var hins vegar að sporna við óhóflegri útlánaaukningu hjá innlánsstofnunum, m.a. með því að beita sérstakri innlánsbindingu. Engu að síður varð útlánaaukning innlánsstofnana um 86% á árinu, sem er mun meira en nemur verðlagshækkunum. Ráðstöfunarfé innlánsstofnana gaf engan veginn tilefni til þessa, enda þótt aukning innlána hafi verið umtalsverð eða nálægt 60%. Árið 1981 var aukn-

Tafla V.1. Úr reikningum Seðlabankans 1981 og 1982.  
(Í milljónum króna)

	Hreyfingar					
	Staða			1.árs-	2.árs-	3.árs-
	31/12	1981	1982	þriðj.	þriðj.	þriðj.
	1982			1982	1982	1982
1 Gjaldeyrisstaða	1489	726	-141	-48	-171	78
(þar af endurmat v/gengis)		(302)	(1081)	(408)	(394)	(279)
2 Innlendir liðir, nettó	2301	288	1396	510	471	415
21 Kröfur á ríkissjóð, nettó <sup>1)</sup>	116	-119	-81	336	-65	-352
211 A-hluti	155	-72	-71	153	-15	-209
212 B-hluti	-39	-47	-10	183	-50	-143
22 Kröfur á fjárfestingarlánasjóði	133	67	47	-29	23	53
23 Endurkaup	2935	400	1543	299	267	977
231 Landbúnaður	696	130	257	-74	4	327
232 Sjávarútvegur	1661	201	904	298	159	447
233 Iðnaður	535	88	342	75	62	205
234 Önnur	43	-18	39	-	42	-2
24 Aðrar kröfur á innlánsstofnanir	1579	85	1382	520	729	133
25 Kröfur á aðra aðila	40	16	14	14	9	-9
26 Sjóðir í opinberri vörslu (—) <sup>2)</sup>	-527	-129	-142	-77	173	-238
27 Innstæður fjárfestingarlánasj. (—) <sup>2)</sup>	-281	-19	-206	-9	-53	-144
28 Annað, nettó	-1694	-13	-1161	-544	-612	-5
3 Grunnfé	3790	1014	1255	462	300	493
31 Innstæður innlánsstofnana	3260	838	1121	455	281	385
311 Sérstök sveigjanleg innlánsbinding	—	1	-1	328	44	-372
312 Almenn innlánsbinding	2810	837	1032	204	189	638
313 Sjóður og aðrar innstæður	450	—	90	-77	48	119
32 Seðlar og mynt í umferð	530	176	134	7	19	108

Hreyfingar í % á ári <sup>3)</sup>						
Grunnfé <sup>4)</sup>	66,6	49,5	65,2	54,0	31,1	
Endurkaup, alls	40,3	110,8	92,0	84,0	168,7	
Landbúnaður	42,1	58,5	104,7	40,2	38,7	
Sjávarútvegur	36,2	119,4	71,1	82,9	240,7	
Iðnaður	83,8	177,2	79,7	139,9	392,9	
Seðlar og mynt	80,4	33,8	4,7	22,8	89,0	
Almenn innlánsbinding	88,9	58,0	...	...	...	

<sup>1)</sup> Endurlánuð löng erlend lán eru ekki talin með. <sup>2)</sup> Innstæða og innstæðuaukning eru merktar með mínusmerki. <sup>3)</sup> Ársigildi hreyfinga á hverjum ársþriðjungi eru reiknuð af árstíðaleiðréttnum tölum. <sup>4)</sup> Grunnfé með áföllnum vöxtum skyldubundinna innlána.

ing innlána með eindæmum mikil, en á árinu 1982 lækkaði hún stig af stigi. Sveiflan í heildarinnlánnum réðst einkum af þróun óbundinna innlána, þ.e. innstæðna á venjulegum sparibókum, ávísana- og hlaupareikningum. Á 12 mánuðum til júliloka 1981 nam aukning þeirra um 90%, en næstu 12 mánuði jukust þau um rúm 40%. Mikil aukning 1981 bætti um sinn lausafjárstöðu innlánsstofnana, en varð síðan undirrot mikillar útlánaaukningar, enda þótt gerðar væru tilraunir til að sporna við því. Framvindan þessi tvö ár sýnir, að kröftugar sveiflur geta farið um peningakerfið þrátt fyrir að stjórnþækjum peningamála sé beitt til að draga úr þeim. Undir lok ársins 1982 virðist svo sem aðhaldið, sem stjórnþækin veittu, væri farið að skila nokkrum árangri, sem m.a. kemur fram í minni innflutningi en verið



hafði. Slík aðlögun að samdrætti þjóðartekna hefði þurft að eiga sér stað fyrr til að firra mikilli rýrnun gjaldeyrisstöðunnar, en þess er vart að vænta, að stjórnþæki peningamála valdi skjótri aðlögun, þegar áhersla er samtímis lögð á önnur efnahagsleg markmið eins og hátt atvinnustig og varðveislu kaupmáttar launa.

Skal nú gerð nánari grein fyrir þróun helstu stærða í reikningum bankakerfisins og jafnframt vikið að helstu aðgerðum í peningamálum, en þeim eru gerð fyllri skil í annál hér aftar í ársskýrslunni (kafla XI).

Peningamagn í umferð (M1), sem samanstendur af seðlum, mynt og veltiinnlánunum, jókst um tæp 30% árið 1982, en rúm 60% árið á undan. Ef fé á venjulegum sparibókum er talið með, nam aukning peningamagnsins (M2) um 48% árið 1982, en um 75% árið á undan. Með hliðsjón af verðlagsbreytingum er aukningin á árinu 1982 mjög lítil og bendir til þess, að lausafjárstaða fyrirtækja og heimila hafi í raun rýrnað verulega. Reikningar Seðlabankans sýna og, að viðskipti við hann drógu mjög úr myndun lausafjár eins og best kemur fram í tölum um grunnfé. Grunnfé er samtala seðla og myntar í umferð og innstæðna innlánsstofnana í Seðlabankanum, en þessi stærð eykst með aukningu gjaldeyrisstöðunnar og lána bankans til innlendra aðila, en lækkar með lækkun þessara liða og einnig ef innstæður annarra en innlánsstofnana aukast. Á árinu í heild jókst grunnféð um tæp 50%, en á árinu 1981 nam aukningin rúmum 66%. Þessi þróun stingur í stúf við þá miklu aukningu, sem varð á lánum Seðlabankans til innlánsstofnana, en skýrist einkum af því, hve mjög gjaldeyrisstaðan rýrnaði, og einnig af því, að lán til ríkissjóðs og ríkisstofnana lækkuðu á árinu og innstæður ýmissa sjóða jukust verulega. Gjaldyrisstaðan var í lok ársins að raungildi aðeins um helmingur þess, sem hún var í ársbyrjun. Skuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana við Seðlabankann lækkuðu um 81 milljón króna á árinu 1982 og voru í lok þess lægri að raungildi en þær hafa verið síðan árið 1972. Skuldir ríkisins jukust framan af ári, en aukningin varð mun minni en ætla mátti á þeim árstíma. Lækkun á síðari árhelmingi og yfir árið í heild stuðlaði að aðhaldi í peningamálum, en það er óvenjulegt á tímum samdráttar í hagkerfinu, að ríkisfjármál veiti slíkt aðhald. Benda líkur til, að hér kunni að verða nokkur breyting á, m.a. vegna minni tekna af innflutningi.


Innstæður sjóða í opinberri vörslu hækkuðu um 142 m.kr. og munar mest um innstæður Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, sem hækkuðu um 90 m.kr., aðallega vegna gengistryggingar. Orlofsfé varðveitt í Seðlabanka hækkaði um 58 m.kr., en innstæður annarra sjóða lækkuðu lítillega.

## **Grunnfé**

## **Ríkissjóður og ríkisstofnanir**

## **Sjóðir í opinberri vörslu**

## Endurkaup



## Skuldbreyting

### Yfirdráttur

36

Útstreymi fjár úr Seðlabankanum til innlánsstofnana var mjög mikið allt árið. Þer fyrst að nefna hin reglubundnu endurkaup Seðlabankans á afurða- og rekstrarlánunum. Í heild jukust þessi lán um 111% á árinu 1982, en tiltölulega hófleg aukning varð árið á undan eða um 40%. Mest var aukning þessara lána til iðnaðar eða um 177%, enda bættust allmörg fyrirtæki í hóp þeirra, sem fá framleiðslulán. Til dæmis hækkuðu lán vegna málmsmíða um meira en 100 m.kr., m.a. vegna þess, að nú er lánað út á raðsmíði fiskiskipa. Endurkaup vegna sjávarútvegs jukust einnig mikið eða um 119%, en um 36% árið 1981. Mikil aukning 1982 stafar bæði af auknu birgðahaldi og örum gengisbreytingum á árinu. Að nokkru skýrist þetta einnig af kerfisbreytingunni í ársbyrjun 1982, þegar gengisbinding afurðalána út á útflutningsafurðir var rofin og í staðinn veitt lán í krónum með þeim kjörum, sem um þau gilda. Við breytinguna hækkuðu viðmiðunarverð afurðalána verulega, þar eð þau höfðu staðið í stað frá gengisbreytingunni 10. nóvember 1981 eins og skýrt var frá í síðustu árskýrslu Seðlabankans.

Gengisbinding lána út á útflutningsafurðir var tekin upp í ársbyrjun 1979. Enda þótt það sé að ýmsu leyti rökrétt að miða kjör þessara lána við gengi erlends gjaldmiðils, gilti þetta aðeins í 3 ár. Þegar útflutningsgreinar stóðu höllum fæti á þessum árum, varð að ráði að styrkja þær með eftirgjöf gengisuppfærslu þessara lána að nokkrum hluta. Frá byrjun árs 1982 hafa hliðstæðir styrkir verið veittir á þann hátt að hætta gengisbindingu og taka í staðinn upp krónulán, eins og áður sagði, með ávöxtun langt undir verðbólguþiggi. Á árinu 1982 nam ávöxtun afurðalána frá innlánsstofnunum um 32,5%, en það jafngildir —17% raunvöxtum, sé miðað við hækkun lánskjaravísitölu, og —35%, sé miðað við hækkun bandaríkjadollars. Miðað við sölu afurða í dollurum nam styrkurinn því rúmum þriðjungum hvers láns.

Næst skulu nefnd verðbréfa kaup Seðlabankans af innlánsstofnunum. Hér er ekki um reglubundna lánastarfsemi að ræða, eins og afurðalánin eru, heldur kaupir bankinn aðeins verðbréf í sérstökum tilfellum. Erfiðleikar atvinnuveganna á árinu gáfu tilefni til aðgerða, sem m.a. fólu í sér, að stuttum skuldam var breytt í löng lán við innlánsstofnanir, og endurkeypti Seðlabankinn verðbréf í þessu skyni samtals að fjárhæð 354 m.kr. Þar af voru um 57 m.kr. keyptar í mars og apríl í tengslum við skuldir sjávarútvegs við olíufélög, en að öðru leyti fór skuldbreytingin fram á síðasta fjórðungi ársins. Henni lauk ekki á árinu. Á fyrsta fjórðungi 1983 keypti Seðlabankinn bréf vegna skuldbreytingar fyrir um 168 m.kr.

Þá skal vikið að yfirdrætti á viðskiptareikningum innlánsstofnana við Seðlabankann, sem varð mjög mikill á árinu þrátt fyrir háa refsí-

vexti slíkrar fyrirgreiðslu. Í ársbyrjun nam yfirdráttur innlánsstofnana alls um 6 m.kr., en hann jókst stig af stigi og varð mestur um 1.160 m.kr. í lok októbermánaðar. Í byrjun nóvember var skuldinni breytt að verulegu leyti í víxillán í samræmi við reglur, sem Seðlabankinn setti um lausaskuldir banka og sparisjóða. Í árslok nam yfirdrátturinn 344 m.kr. og víxillán 727 m.kr. Áðurnefnd skuldbreyting í sjávarútvegi dró nokkuð úr lausaskuldum innlánsstofnana á síðasta ársfjórðungi. Nánar verður vikið að reglum um lausaskuldir í lok þessa kafla, þar sem fjallað er um lausafjárstöðu.

### **Skyldubundnar innstæður**


Skyldubundnar innstæður innlánsstofnana í Seðlabankanum jukust um 58% á árinu 1982 og námu í lok þess 2.810 m.kr. Reglum um þessa bindingu hefur ekki verið breytt síðan árið 1979, er hún var hækkuð í 28% af heildarinnlánnum. Innlánin, sem hún reiknast af, hafa hins vegar aukist mikið á síðustu árum og var því þess að vænta, að hagstjórnarhlutverk bindingarinnar yrði endurheimt. Á árinu 1981 og framan af ári 1982 nam innlánsbindingin hærri fjárhæð en endurkaup, en sem kunnugt er, er með bindingunni annars vegar aflað fjár til endurkaupa og hins vegar leitast við að styrkja gjaldeyrisstöðuna með því að draga úr útlánagetu innlánsstofnana. Þróun endurkaupa á árinu 1982 olli því hins vegar, að hagstjórnarframlagi bindingarinnar var eytt á ný sem sjá má af því, að endurkaupin í árslok voru orðin 125 m.kr. hærri en bundnu innstæðurnar.

### **Sveigjanleg innlánsbinding**

Seðlabankinn beitti sérstakri sveigjanlegri innlánsbindingu á árinu til að draga úr aukningu útlána innlánsstofnana. Þessi binding var sett í 3% af heildarinnlánnum í febrúarmánuði og hækkuð í 5% í mars og apríl, 1% í hvort sinn. Fékk Seðlabankinn þá jafnframt heimild ríkisstjórnar til að binda allt að 8% heildarinnlána með þessum hætti. Hlutfallið fór þó aldrei hærra en í 5%, en í september var það lækkað í 2% og í nóvember var bindingin felld alveg niður. Að meðaltali voru rúmlega 200 m.kr. bundnar í Seðlabankanum á árinu 1982 vegna sveigjanlegrar bindingar. Hæst varð fjárhæðin í ágústlok, 372 m.kr. Þessi binding er færð á sérstaka viðskiptareikninga, sem taldir eru með lausafjárstöðunni. Við hækkun bindingarinnar kann svo að fara, að innstæður á viðskiptareikningi hverfi og/eða yfirdráttur aukist. Er þá viðkomandi stofnun nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að bæta stöðu sína, t.d. með því að draga úr útlánnum, til að forðast refsivexti yfirdráttar. Af þróun útlána og yfirdráttar virðist í fljótu bragði mega draga þá ályktun, að sérstök sveigjanleg innlánsbinding hafi ekki haft önnur áhrif en að auka yfirdrátt við Seðlabankann. Þessa ályktun má þó ekki alhæfa, heldur ber að taka tillit til sérstakra aðstæðna í þjóðarbúskapnum, sem m.a. leiddu til þess, að innlánsstofnunum tókst ekki að draga nógu fljótt úr aukningu heildarútlána. Á síðari hluta ársins dró þó mjög úr aukningu lána til ein-



## Verðtrygging inn- og útlána



staklinga samtímis því sem innflutningur tók að minnka. Er ekki ólíklegt, að þetta lýsi nokkrum árangri af því aðhaldi, sem sveigjanleg innlánsbinding veitti.

Ein veigamesta aðgerðin í peningamálum á árinu fólst í frekari útfærslu verðtryggingar sparifjár og útlána. Með stofnun nýrra fullverðtryggðra innlánsreikninga hinn 21. apríl 1982 var uppfyllt það ákvæði laga nr. 13/1979, að verðtrygging skuli einkum við það miðuð að tryggja, að sparifé, bundið til 3 mánaða eða lengri tíma, rýrni ekki af völdum verðhækkana. Lánastofnunum var jafnframt heimilað að veita meira af fullverðtryggðum lánnum með því að stytta lágmarkslánstíma þeirra úr 2½ ári í 1 ár frá og með 21. apríl, en síðar á árinu var hann stytur í 9 mánuði. Með þessu móti hefur allstór hluti af innlánnum og útlánnum verið fullverðtryggður. Af tæknilegum ástæðum er hins vegar ólíklegt, að vísitölubinding muni einnig ná til óbundinna innlána, víxla eða annarra skammtímaskuldbindinga, en þær hljóta sem fyrr að verða meginuppistaðan í umsvifum innláns-

Tafla V.2. Úr reikningum innlánsstofnana 1981 og 1982.  
(1 milljónum króna)

	Hreyfingar					
	Staða 31/12 1982	1981	1982	1.árs- þriðj. 1982	2.árs- þriðj. 1982	3.árs- þriðj. 1982
1 Lausafjárstaða	-660	-62	-918	-274	-445	-199
11 Gagnvart Seðlabanka	-859	-52	-1048	-259	-658	-131
12 Gagnvart útlöndum	199	-9	130	-15	213	-68
2 Skyldubundnar innstæður	2810	837	1032	204	189	639
3 Aðrar innstæður í Seðlabanka	238	64	112	47	23	42
4 Útlán <sup>1)</sup>	11396	2508	5278	1496	1251	2531
41 Endurseld Seðlabanka	2935	400	1543	299	267	977
42 Löng lán til opinb. framkv. og sjóða	593	167	291	1197	984	1554
43 Önnur útlán	7868	1941	3444			
5 Eignir = skuldir	13784	3347	5504	1473	1018	3013
6 Heildarinnlán	10644	2740	3984	822	802	2360
61 Veltiinnlán	1568	431	344	83	136	125
62 Almenn spariinnlán	5064	1458	1843	328	88	1427
63 Spariinnlán á uppsagnarreikn.	4012	851	1798	411	578	808
7 Endurkaup og verðbréf Seðlabanka	3444	496	1901	357	269	1275
8 Eigið fé og annað, nettó	-304	111	-381	294	-53	-622
		Hreyfingar í % á ári <sup>2)</sup>				
Útlán	69,5	86,3	71,9	62,5	131,3	
Heildarinnlán með áföllnum vöxtum	69,9	59,8	45,6	62,0	73,1	
Veltiinnlán	54,4	27,9	2,1	84,5	11,6	
Almenn spariinnlán	82,7	57,2	56,2	38,1	80,0	
Bundin spariinnlán	62,4	81,2	78,0	79,6	86,4	


<sup>1)</sup> Endurlánað erlent lánsfé er ekki talið með. Útlán eru hér sýnd með gengisuppfærslu gengisbundinna endurkaupa. <sup>2)</sup> Ársigildi hreyfinga á hverjum ársþriðjungi eru reiknuð af árstíðaleiðréttum tölum. Ennfremur hafa innlánin verið leiðrétt fyrir áföllnum vöxtum.

stofnana. Raunvextir þessara liða lækkuðu mjög eftir mitt ár 1981 með vaxandi verðbólgu, þar sem vöxtunum var ekki breytt fyrir en 1. nóvember 1982. Myndaðist mikið misræmi í ávöxtun fullverðtryggðra liða og annarra, þar eð verðbólgan réð ávöxtun hinna fyrrnefndu og stjórnvöld hinna síðarnefndu. Sem dæmi má nefna, að kaupmáttur fjár, sem geymt var á venjulegri sparibók allt árið 1982, rýrnaði um 15,8% miðað við lánskjaravísitölu. Eftirspurn eftir þessum ótraustu peningum minnkaði verulega eins og tölurnar að framan sýna. Átti það ugglaut þátt í hinni miklu eftirspurnarþenslu, sem varð á árinu. Verðtryggðu innlánsreikningarnir nutu hins vegar mikilla vinsælda og má ætla, að þeir hafi komið í veg fyrir alvarlegan fjárflotta úr bankakerfinu. Í lok ársins 1982 voru 26,7% heildarinnlána á verðtryggðum reikningum og höfðu innstæður á þeim hækkað um 190% á árinu. Að nokkru stafar aukningin af því, að sparifjáreigendur fluttu fé af öðrum bundnum reikningum (vaxtaaukareikningum) yfir á verðtryggða reikninga. Innstæður á vaxtaaukareikningunum voru þó í lok ársins um 1.160 m.kr. eða um 11% heildarinnlána. Bundin innlán í heild jukust um 81,2%, og var hlutfall þeirra af þjóðarframleiðslu nær 10% að meðaltali á árinu borið saman við tæp 9% árið á undan og um 5,8% árið 1975, þegar þetta hlutfall var í lágmarki. Hér er því þegar orðin veruleg breyting til batnaðar varðandi sparnað í innlánsstofnunum.

### Bundið sparifé


### Heildarinnlán

Eins og fram hefur komið jukust heildarinnlán um tæp 60% á árinu 1982, og varð aukning bundinna innlána mest, en almenn spariinnlán jukust um rúm 57% og veltiinnlán um tæp 28%. Hlutfall heildarinnlána af þjóðarframleiðslu hækkaði úr 26,6% árið 1981 í 27,8% árið



1982. Hækkun um 1,2 prósentustig lýsir e.t.v. best árangri verðtryggingar sparifjár, en á verðbólgu skeiðinu 1973—1974, þegar innlán voru með öllu óverðtryggð, lækkaði hlutfall þeirra af þjóðarframleiðslu að meðaltali um 3,7 prósentustig hvort ár, enda þótt þjóðartekjur ykjast. Þessi samanburður, sem felur í sér 5 prósentustiga mun, gefur til kynna, að með verðtryggingu hafi m.a. tekist að fyrirbyggja enn alvarlegri þróun en varð á árinu 1982, því að telja má víst, að lækkun hlutfallsins hefði aðeins gerst samhliða auknum viðskiptahalla við útlönd.

## Heildarútlán



Heildarútlán innlánsstofnana jukust um 86,3% árið 1982 samanborið við 69,5% árið áður. Eftir mitt ár 1981 hljóp ofvöxtur í þessa stærð, og eins og fram hefur komið var það eitt meginviðfangsefni í stjórn peningamála að draga úr því á ný. Beitti Seðlabankinn til þess sérstakri innlánsbindingu og herti auk þess reglur um yfirdrátt, en minni innlánaaukning neyddi innlánsstofnanir einnig til að breyta um stefnu. Snemma í maímánuði 1982 gerðu viðskiptabankarnir með sér samkomulag um útlánaaðhald til ágústloka og skyldu útlán, að frátöldum endurseldum lánnum og verðbréfum vegna lánsfjáráætlunar, ekki aukast meira en næmi vísitöluhækkunum og geymdum verðbótaþætti skuldabréfa. Virðist einkum hafa náðst árangur varðandi útlán til einstaklinga, en þau höfðu aukist mjög mikið, t.d. um 98% á tólf mánuðum til marsloka 1982. Árið 1982 nam aukning þeirra 58,3%. Hins vegar fóru lán til atvinnuvega stigvaxandi, þannig að ekki dró úr aukningu útlána í heild, heldur þvert á móti. Að meðtöldum endurseldum lánnum jukust lán til sjávarútvegs um tæp 116% árið 1982, en rúm 59% árið áður. Lán til verslunar jukust um 104,5% og 60,9% þessi ár í sömu röð talið og lán til iðnaðar um 96,2% og 76,3%.


Þegar undan eru skilin endurseld lán, jukust útlán viðskiptabanka um 85,7% árið 1982, sem er svipað og árið áður, er þau jukust um 82,3%. Ber að hafa í huga, að skuldabreyting í sjávarútvegi olli talsverðri hækkun þessara lána, þar eð ógreiddir vextir og vanskil á erlendum lánnum breyttust í lán frá viðskiptabönkunum. Sparisjóðir voru fljótari að laga sína útlánastefnu að breyttum aðstæðum, því að útlánaaukning þeirra, að endurseldum lánnum frátöldum, nam 54,2% árið 1982 samanborið við 83,7% árið á undan.

Ástæður mikillar útlánaaukningar eru margar, og er veigamesta skýringin líklega fólgin í kostnaðarhækkunum, lélegum rekstrarskilyrðum atvinnuveganna og tekjurýrnun. Stuðlar þetta að mikilli lánsfjárefitirspurn og einnig vanskilum, sem hafa verið áberandi. Þá má nefna, að vegna verðtryggingar og geymslu verðbótaþáttar hækka lán sjálfkrafa, þótt ekki bætist við ný. Mikið misræmi í vaxtakerrfinu hefur og óæskileg áhrif bæði á lánsfjárframboð og eftirspurn. Lán-



Þegar sækjast auðvitað mjög eftir óverðtryggðum lánum, þegar vextir þeirra eru langt undir verðbólguþinginu, ekki síst þegar gengisfellingar er að vænta, og innlánsstofnanir sjá sig tilneyddar til að koma út verðtryggðum lánum til að geta staðið við skuldbindingar sínar við innstæðueigendur. Í því sambandi er athyglisvert, að svo virðist sem skýr aðgreining sé gerð eftir lánþegum eins og fram kemur í eftirfarandi tölum. Af aukningu lána til einstaklinga, samtals 781 m.kr. á árinu 1982, voru 703 m.kr. eða 90% í verðtryggðum lánum. Samsvarendi hlutfall lána til opinberra aðila og sjóða var 76%, en af aukningu lána til atvinnuvega voru aðeins 22% í verðtryggðum lánum og 35%, ef endurseld lán eru undanskilin.

Á árinu 1982 námu heildarútlán innlánsstofnana 27% af þjóðarframleiðslu, en sama hlutfall tíu árum fyrr var 32%. Í millitíðinni urðu útlán enn lægri að tiltölu við þjóðarframleiðslu vegna rýrnunar innlána. Samsetning útlána breyttist mikið á þessum árum, bæði vegna meiri vaxtahækkana skuldabréfa en annarra tegunda og vegna afurðalánanna. Afurðalán voru 13,5% af heildarútlánum í árslok 1972, en 34,5% í lok árs 1982. Þar af voru viðbótarlánin 2,1% og 8,7% í sömu röð talið. Vixlar, sem voru fyrirferðarmesta útlánategundin fyrir nokkrum árum með 40,2% hlutdeild í árslok 1972, eru nú mun minna notaðir í lánsviðskiptum innlánsstofnana. Hlutdeild þeirra í árslok 1982 var aðeins 10,6%. Hlaupareikningslán hafa einnig minnkað á þessum árum eða úr 17,8% í 6,2% heildarútlána. Verðbréf, sem voru 23,2% í lok 1972, eru nú stærsti útlánaflokkurinn með 44,2% hlutdeild í árslok 1982. Þar af eru tæplega tveir þriðju hlutar vísitölubundin lán.



## Lausafjárstaða

Lausafjárstaða innlánsstofnana versnaði um 918 m.kr. á árinu 1982 og var í lok þess neikvæð um 660 m.kr. Lausafjárstaða er, eins og nafnið bendir til, samtala þess lausafjár, sem innlánsstofnun hefur til umráða. Hún er samsett af peningum í sjóði og innstæðum á viðskiptareikningum í Seðlabanka eða útlöndum, en frá þessu dragast stutt lán frá útlöndum eða Seðlabanka. Yfir langan tíma litið er lausafjárstaða jafnan lág. Lausafjárstaða á hverjum mánaðamótum síðustu tvo áratugi hefur t.d. verið  $-0,5\%$  af innlánnum að meðaltali. Á samdráttartímum hefur hún orðið mjög rýr, var t.d.  $-5,8\%$  af innlánnum að meðaltali árið 1968 og  $-9,7\%$  árið 1974. Á árinu 1982 var samsvarandi meðaltal  $-3,2\%$ , en hafa ber í huga, að staðan var allgóð á fyrstu mánuðum þess árs. Í árslokinn nam hlutfall lausafjárstöðu og innlána  $-6,2\%$ , sem er lægri áramótastaða en verið hefur síðan 1968.

## Nýjar reglur um lausaskuldir

Vegna þeirrar stefnu innlánsstofnana að halda lausafjárstöðu til lengdar sem næst núlli myndast oft yfirdráttur á viðskiptareikningum þeirra við Seðlabankann. Síðustu árin hefur það t.d. verið árviss atburður, að yfirdráttur er á reikningum margra stofnana á haustmánuðum, þegar staðan innan ársins er rýrust. Gefur auga leið, að þetta er óæskileg þróun, því að yfirdráttur á að vera neyðarúrræði innlánsstofnana í fjárþröng, en ekki hluti af reglubundinni fyrirgreiðslu Seðlabankans. Mikil útlánaaukning árið 1982, sem að verulegu leyti byggðist á yfirdrætti við Seðlabankann, varð tilefni til að endurskoða reglur um lausaskuldir banka og sparisjóða. Eins og fram kemur í annál í kafla XI tóku nýjar reglur gildi 1. nóvember og fela þær í sér, að Seðlabankinn úthlutar hverri stofnun yfirdráttarþrepum, og fara refsivextir stighækkandi eftir því, hvað yfirdráttur nemur mörgum þrepum, auk þess sem sett voru hámark á yfirdráttinn. Þar eð reglurnar giltu aðeins á tveim síðustu mánuðum ársins, verða ekki greind mikil áhrif þeirra á þróun lausafjárstöðu á árinu. Hins vegar má vænta þess, að þær breyti viðhorfum til lausafjárstöðu í grundvallaratriðum.

Þegar nýjar reglur um lausaskuldir tóku gildi, var innlánsstofnunum gefinn kostur á sérstakri bráðabirgðafyrirgreiðslu, þ.e. víxillánnum í stað yfirdráttar, sem fyrir var. Var við það miðað, að slík lán væru ekki hærrí en meðalskuld viðkomandi viðskiptareiknings á þriðja ársfjórðungi og aldrei hærrí en svarar sex yfirdráttarþrepum. Skyldu lánin greiddast með þrem afborgunum á sex mánuðum. Í samræmi við þetta veitti Seðlabankinn fimm bönkum og sex sparisjóðum víxillán, samtals að fjárhæð 361 m.kr.

Auk sérstakrar bráðabirgðafyrirgreiðslu gefa reglurnar innlánsstofnunum kost á að sækja um lán, sem Seðlabanki veitir aðeins gegn sérstökum skilyrðum varðandi útlánastefnu eða önnur atriði í rekstri

Tafla V.3. Úr reikningum bankakerfisins 1981 og 1982.  
(Í milljónum króna)

	Staða 31/12 1982	Hreyfingar				
		1981	1982	1. árs-	2. árs-	3. árs-
				þriðj. 1982	þriðj. 1982	þriðj. 1982
1 Gjaldeyrisstaða .....	1688	717	—11	—63	42	10
(þar af endurmat v/gengis) .....		(302)	(1081)	(408)	(394)	(279)
2 Innlendir liðir, nettó .....	9486	2200	4130	892	779	2459
21 Lán Seðlabanka .....	288	—34	—21	320	—32	—309
22 Lán innlánsstofnana .....	11396	2508	5278	1496	1251	2531
23 Ýmsir sjóðir (—) <sup>1)</sup> .....	—808	—148	—348	—86	120	—382
24 Annað, nettó .....	—1390	—126	—779	—838	—560	619
3 Peningamagn og sparifé (M3) .....	11174	2917	4119	829	821	2469
31 Sparifé á uppsagnarreikningum ...	4012	851	1798	412	578	808
32 Peningamagn og alm. sparifé (M2) .	7162	2066	2321	419	242	1660
321 Almennt sparifé .....	5064	1458	1843	328	88	1427
322 Peningamagn (M1) .....	2098	608	478	90	155	233

	Hreyfingar í % á ári <sup>2)</sup>				
Innlendir liðir, nettó .....	69,7	77,1	55,3	69,6	110,1
Peningamagn og sparifé (M3) .....	70,5	58,4	43,3	60,4	72,9
Peningamagn og almennt sparifé (M2) .....	74,5	47,9	33,6	47,9	64,3
Peningamagn (M1) .....	60,1	29,5	0,0	68,7	28,8

<sup>1)</sup> Auk sjóða í opinberri vörslu eru hér innstæður fjárfestingarlánasjóða í Seðlabanka. Innstæður og aukning innstæðna eru merktar með mínusmerki. <sup>2)</sup> Ársigildi hreyfinga á hverjum ársþriðjungi eru reiknuð af árstíðaleiðréttum tölum.


stofnunar, sem miða að því að bæta lausafjárstöðuna. Voru með þessum hætti veitt stutt lán til fimm banka samtals að fjárhæð 461 m.kr.

Samhliða bráðabirgðafyrirgreiðslu samdi Seðlabanki við flestar stofnanirnar, sem hennar nutu, um hámark útlánaaukningar á láns-tímanum. Í samningunum eru jafnframt ákvæði um viðurlög, ef útlán fara fram úr umsömdum mörkum. Með þessu móti gefst innlánsstofnunum nokkur tími til að aðlagast nýjum aðstæðum og móta nýja stefnu varðandi lausafjárstöðu.

Nokkrar breytingar voru gerðar á reglum um víxilkvóta innlánsstofnana, sem miða að því að auka notagildi þeirra. Voru lánin stytt úr 15 í 10 daga og heildarfjárhæðin hækkuð að sama skapi. Ennfremur var innlánsstofnun, sem á ónotaðan kvóta, heimilað að fram-selja þau réttindi til annarrar stofnunar gegn þóknun, sem þær semja um sín á milli. Hefur þannig opnast möguleiki fyrir millibankavið-skipti, sem varla hafa þekkt hér á landi.

Vaxandi verðbólga skapaði margvísleg vandamál í peningamálum á árinu 1982. Raunvextir óverðtryggðra innlána og útlána lækkuðu, og stuðlaði það að því misvægi, sem að framan er lýst. Þörfin fyrir hækkan vaxta var knýjandi séð af sjónarhóli almennrar efnahags-






### Vaxtabreyting 1. nóvember

	Verðbólgustig Metið	Endur- metið
1/6 1979 .	41,8	53,7
1/9 . . . . .	52,3	62,1
1/12 . . . . .	57,0	60,7
1/3 1980 .	54,0	56,0
1/6 . . . . .	49,0	52,1
1/9 . . . . .	51,7	55,4
1/12 . . . . .	53,6	55,5
1/3 1981 .	55,5	51,4
1/6 . . . . .	42,4	45,5
1/9 . . . . .	40,2	43,0
1/12 . . . . .	50,7	47,0
1/3 1982 .	45,1	50,9
1/6 . . . . .	54,5	59,1
1/9 . . . . .	65,6	68,1
1/12 . . . . .	66,7	(80,3)

stjórnar. Auk þess var frá ársbyrjun 1982 lögskilyt að ákveða vexti í samræmi við verðbólgustig og má segja, að vaxtabreyting hafi verið í undirbúningi allt árið. Í apríl var gripið til þess að auka svið verðtryggingar, en almennir vextir héldust þá óbreyttir. Samfara efnahagsaðgerðum í ágúst taldi Seðlabankinn vaxtahækkun nauðsynlega, en ríkisstjórn taldi sér þá ekki fært að taka afstöðu til hennar. Hinn 1. nóvember ákvað Seðlabankinn svo að hækka almenna vexti um 6—8% (sjá annál), og var það meiri hækkun nafnvaxta í einu stökki en dæmi eru um. Samt náðu vextir hvergi nærri að verðbólgu- stiginu, enda var gengið út frá því við breytinguna, að ráðist yrði til atlögu við verðbólguna á næstu mánuðum. Hér á blaðröndinni er tafla, sem sýnir metið verðbólgu- stig, mælt eins og Seðlabankinn gerir við endurskoðun vaxta, með hliðsjón af verðhækkunum á umliðnu hálfu ári og spám um hækkanir næsta hálfu árið. Taflan sýnir einnig endurmetið verðbólgu- stig, en þar hafa rauntölur verið teknar inn í stað áætlana. Svo sem sjá má var verðbólgu- stig hinn 1. desember 1982 metið 66,7%, en síðan hafa komið fram mun meiri hækkanir en áætlaðar voru, og er endurmetið verðbólgu- stig á þeim tíma um 80%. Þess er vart að vænta, að jafnvægi í peningamálum náist í svo miklu umróti sem þessar tölur lýsa.

## VI. FJÁRFESTINGARLÁNASJÓÐIR OG LÍFEYRISSJÓÐIR

### Útlán fjárfestingar- lánasjóða



Ný útlán fjárfestingarlánasjóða námu 1.664 m.kr. árið 1982. Þetta er um 47% aukning frá árinu 1981, en það ár voru ný lán 72% umfram lán 1980. Mikið hefur því dregið úr þenslu í útlánnum sjóðanna og sé tekið tillit til verðlagsþróunar, hafa útlán þeirra í raun dregist saman 1982. Hér til hliðar er sýnt línurit, þar sem ný útlán sjóðanna eru sett í hlutfall við þá fjárfestingu í þjóðhagsreikningum, sem þeir teljast aðallega lána til, og má þar sjá áður nefndan samdrátt 1982 og jafnframt, að útlánin þá eru í svipuðu hlutfalli og þau voru um nokkurt skeið fyrir árið 1981. Sé litið til flokkunar nýrra útlána á greinar, sýna íbúðalán mestu hækkun eða 71% 1982, en 1981 hækkuðu þau um 65%. Samsvarandi tölur um hækkun lána, flokkaðra á helstu lánþega, sem sjóðirnir lána til, eru þessar í sömu röð, 1982 og 1981: Opinberir aðilar 42% og 81%, atvinnufyrirtæki alls 34% og 72% og þar af landbúnaður 48% og 10%, sjávarútvegur 29% og 103%, verslun og þjónusta 51% og 93% og iðnaður 43% og 55%.

Tafla VI.1. Fjárstreymi fjárfestingarlánasjóða.

	1981		1982	
	M.kr.	f.f.ári %	M.kr.	f.f.ári %
<i>Uppruni fjármagns:</i>				
Eigið framlag, nettó	102	265	18	—83
Skatttekjur og framlög	327	42	477	46
Lántökur <sup>1)</sup>	782	88	1426	82
Frá Seðlabankanum	84	600	4	—95
Frá innlánsstofnunum	59	51	88	49
Frá lífeyrissjóðum	285	45	414	45
Frá Atvinnuleysisstryggingasjóði	36	112	52	44
Innkominn skyldusparnaður	139	65	212	53
Önnur innlend lán	1	—50	0	—100
Erlendar lántökur	179	175	655	266
Uppruni = Ráðstöfun	1211	79	1921	59
<i>Ráðstöfun fjármagns:</i>				
Ný útlán	1134	72	1664	47
Styrkir	14	27	87	521
Breytingar á innstæðum og sjóði	63	.	170	.

<sup>1)</sup> Bráðabirgðalántökur nettó innifaldar (88 m.kr. 1981 og —5 m.kr. 1982).

## Fjármögnun

Blikur eru á lofti í fjármögnun útlána fjárfestingarlánasjóðanna. Kemur þetta meðal annars fram í því, að eigið framlag úr rekstri varð neikvætt á árinu 1982 sem nam 4% af heildarútlánunum. Auk þess að vera nú neikvætt sveiflaðist hlutfallið úr því að vera 8% 1981 eða um 12% niður á við og er það ein mesta sveifla, sem þannig hefur mælst undanfarin ár. Þrjár skýringar eru finnanlegar á þessari óhagstæðu breytingu. Sennilega vegur sú þyngst, að ýmis lán, sem fjárfestingarlánasjóðir hafa tekið til endurlána, voru til skemmri tíma en þau lán, sem þeir veita. Önnur skýring er veik greiðslustaða lánþega sjóðanna um þessar mundir, sem hefur í för með sér, að vanskil safnast upp hjá sjóðunum. Þriðja og ef til vill alvarlegasta skýringin til lengri tíma litið er, að nokkrir sjóðir eru enn að lána út með léttari vaxtakjörum en þeir sæta á teknum lánunum og grafa þannig markvisst undan eigin fjármögnun á komandi árum. Þeir sjóðir, sem þannig er ástatt fyrir, verða háðir opinberum framlögum í síauknum mæli. Rýrnandi eiginfjárframlagi hefur verið mætt með auknum lántökum, og kemur það fram í stórauknum erlendum lánunum 1982. Taka verður fram, að tölur birtar hér um erlend lán 1982 eru illsambærilegar við tölur fyrri ára vegna breytinga á skilgreiningu innkominna lána. Það fé, sem áður hefur verið nefnt ónotaður hluti lána, telst nú allt notað, en hefur verið lagt inn á innlenda gjaldeyrisreikninga í Seðlabankanum, og skýrir það aukningu innstæðna og sjóðs á árinu. Þrátt fyrir þessa skýringu er ljóst, að vikið var frá því markmiði lánsfjáráætlunar að halda erlendum lánunum sjóðanna í lágmarki. Þrátt fyrir raunlækkun 1982 halda skatttekjur og framlög sínum hlut í fjármögnun sjóðanna, en afturkiptur kom í innlendar lántökur eins og greina má af töflu VI.2.

*Tafla VI.2. Fjármögnun útlána fjárfestingarlánasjóða.  
(Hlutföll í %)*

	1978	1979	1980	1981	1982
Eigið framlag, nettó	3	4	2	2	-14
Innstæðu- og sjóðsbreytingar	-1	-9	-1	-6	-10
Annað	4	13	3	8	-4
Skatttekjur og framlög	42	37	35	29	29
Lántökur	55	59	63	69	85
Erlend lán	10	12	10	16	39
Innlend lán	45	47	53	53	46
Frá bankakerfinu	9	3	8	13	5
Frá lífeyrissjóðum	20	27	30	25	25
Frá Atvinnuleysisstryggingasjóði	3	4	2	3	3
Innkominn skyldusparnaður	13	13	13	12	13
Ný útlán	100	100	100	100	100

## Erlendar lántökur

Framkvæmdasjóður telst hafa notað 630 m.kr. erlend lán 1982, en þar af er 158 m.kr. óráðstafað á gjaldeyrisreikningi um áramót eða jafnvirði 9,5 milljóna dollara. Iðnþróunarsjóður notaði 28 m.kr. af sínum erlendu lántökum fyrri ára, en á um 15 m.kr. af því á gjaldeyr-




isreikningi eða jafnvirði 0,9 milljóna dollara. Framkvæmdasjóður sá hins vegar einn um töku erlendra lána fyrir fjárfestingarlánasjóðakerfið á árinu 1982, og tók hann í maí 12 milljón dollara lán í Sumitomo Bank, í nóvember 25 milljónir vestur-þýskra marka hjá nokkrum bönkum undir forystu Landesbank Rheinland-Pfalz Girozentrale, og í desember 12 milljónir dollara hjá nokkrum bönkum undir forystu Scandinavian Bank. Erlend lán eru nú yfirgnæfandi þáttur í fjármögnun Framkvæmdasjóðs, en hann sér um að útvega atvinnuvegasjóðum lánsfjármagn. Tafla VI.3. sýnir, hvernig Framkvæmdasjóður hefur ráðstafað lánsfé undanfarin ár, en auk annarra tölulegra upplýsinga, sem hér fylgja, eru birtar upplýsingar um fjárfestingarlánasjóði í töflum 26—29 í töfluviðauka.

Tafla VI.3. Lán Framkvæmdasjóðs.

	Í milljónum króna				1982
	1979	1980	1981	1982	Breyting f.f. ári %
Stofnlánadeild landbúnaðarins . . . . .	19,5	27,5	41,0	56,0	37
Fiskveiðasjóður Íslands . . . . .	68,8	59,1	98,8	245,0	148
Iðnlánasjóður . . . . .	13,0	29,8	51,0	85,0	67
Verzlunarlánasjóður . . . . .	1,0	3,6	7,0	9,0	29
Stofnlánadeild samvinnufélaga . . . . .	1,0	3,6	7,0	9,0	29
Ferðamálasjóður . . . . .	3,8	5,0	4,0	15,5	288
Lánasjóður sveitarfélaga . . . . .	3,8	16,6	33,0	50,0	52
Bygðasjóður . . . . .	21,5	19,8	39,0	188,0	382
Landflutningasjóður . . . . .	—	3,0	3,6	5,3	47
Framleiðslurád landbúnaðarins . . . . .	—	30,0	17,0	20,0	18
Lán til annarra aðila . . . . .	8,1	8,9	25,7	21,5	—16
	140,5	206,9	327,1	704,4	115

## Lífeyrissjóðir




Skýrslur ná nú yfir 90 starfandi lífeyrissjóði, en fjárhagslegar upplýsingar um starfsemi þeirra á árinu 1982 liggja aðeins fyrir í áætluðu formi. Reynslan sýnir, að slíkar áætlanir geta vikið nokkuð frá raunverulegri útkomu, og er því gerður fyrirvari um það, sem hér er ritað um lífeyrissjóði 1982. Heildarráðstöfunarfé lífeyrissjóða er notað sem mælikvarði á getu þeirra til útlána, og er það áætlað 1.325 m.kr. 1982 samanborið við 947 m.kr. 1981, og hækkaði því aðeins um 40%. Þetta bendir til venju fremur dræmrar innheimtu iðgjalda og endurgreiðslu lána, og kemur það heim og saman við almennt ástand í peningamálum. Heimildir benda til, að dregið hafi úr eftirspurn sjóðfélagalána 1982 og að þau hafi orðið um 45% hærri en 1981, en það ár urðu þau um 92% hærri en árið 1980. Sé tekið tillit til verðlagsþróunar, yrði munurinn enn meiri en þessar tölur sýna. Heildarútlán og skuldabréfakaup lífeyrissjóða urðu 42% hærri samkvæmt áætlun 1982 en á árinu 1981, og hefur því orðið tiltöluleg rýrnun á svokölluðum skyldukaupum úr 36% af ráðstöfunarfé 1981 í 35%

1982, en samkvæmt lögum á þessi skylda að nema 40% af ráðstöfunarfé, og virðist því vera misbrestur í framkvæmd laganna. Lífeyrissjóðir virðast undanfarin ár hafa lagt nokkra áherslu á að bæta lausafjárstöðu sína, og nemur batinn um 95 m.kr. 1982. Má ætla, að innstæður þeirra séu á bestu ávöxtunarkjörum, sem þekkjast, og því verðtrygðar að mestu, en með lægri vöxtum en útlán. Tölulegar upplýsingar um lífeyrissjóði er að finna í töflu 30 í töfluviðauka.

*Tafla VI.4. Fjárstreymi lífeyrissjóða.*

	<i>Bráðabirgðatölur 1981</i>			<i>Áætlun 1982</i>		
	<i>M.kr.</i>	<i>f.f.ári</i>	<i>%</i>	<i>M.kr.</i>	<i>f.f.ári</i>	<i>%</i>
Fjármagnshreyfingar og rekstur, nettó	464	62		680	47	
Iðgjöld að frádregnum lífeyrisgreiðslum	483	72		645	34	
Ráðstöfunarfé alls	947	67		1325	40	
Ný útlán	867	77		1230	42	
Til Byggingarsjóðs ríkisins	120	50		129	8	
Til Byggingarsjóðs verkamanna	13	.		67	415	
Til Framkvæmdasjóðs	70	—1		90	29	
Til annarra fjárfestingarlánasjóða	82	78		128	56	
Til ríkissjóðs v/lánsfjáráætlunar	57	375		55	—4	
Önnur útlán	525	86		761	45	
Innstæðu- og sjóðsbreytingar	80	.		—95	—	


## Gengisþróun erlendis



## VII. GENGISMÁL

Þróun gengis á helstu viðskiptagjaldmiðlum heims einkenndist á árinu 1982 af því, að Bandaríkjadollar hélt áfram að vera hátt skráður, hærra en kaupmáttur hans sagði til um. Stafaði þetta fyrst og fremst af því, að vextir á bandarískum fjármagnsmarkaði héldust háir allt árið. Á móti voru þeir gjaldmiðlar, sem undanfarin ár hafa verið taldir með þeim sterkari, þ.e. þýska markið, svissneski frankinn og japanska yenið, á heldur veiku gengi mikinn hluta af árinu. Það var ekki fyrr en á síðustu tveim mánuðum ársins sem þróun þessi tók að snúast við, og hófst hún með því, að bandarísk peningayfirvöld slökkuðu aðeins á hinni aðhaldssömu peningastefnu, og þar með tóku vextir á Bandaríkjadollurum að lækka. Hafði þetta strax þau áhrif, að gengi dollars lækkaði, en gengi ofangreindra gjaldmiðla hækkaði nokkuð á móti. Gengi sterlingspundsins lækkaði yfir allt árið, en sú þróun endurspegladi m.a., að gengi pundins hafði haldist nokkuð hátt á árinu 1981 og var nú aftur að hverfa til eðlilegra jafnvægis. Á seinustu mánuðum ársins var gengi sterlingspundsins gagnvart dollar orðið mjög lágt, þar eð olíuverð var tekið að lækka, en gengi pundins hefur reynst viðkvæmt fyrir þróun olíuverðs eftir að Bretland varð olíuframleiðsluland. Gengi á gjaldmiðlum hinna Norðurlandanna tók nokkrum breytingum á árinu, en þar var lækking sænsku krónunnar og finnska marksins hvað mest áberandi, en báðir þessir gjaldmiðlar voru lækkaðir mikið í októberbyrjun, sænska krónan um 16% og finnska markið um 9½%. Áður hafði norska krónan lækkað tvívegis, um 3% í hvort sinn. Í heild má segja, að þróun vaxta í einstökum löndum hafi ráðið mestu um gengi gjaldmiðla, en halli eða afgangur á viðskiptajöfnuði einstakra landa haft minni áhrif en oft áður. Þá má telja það meira áberandi en áður, að lönd hafi reynt að bæta viðskiptakjör sér í hag með gengisbreytingum, en slíkar gengisbreytingar í beinum samkeppnistilgangi eru illa séðar á alþjóðavettvangi.






### Gengi íslenskrar krónu

Á árinu 1981 var rekin sú stefna í gengismálum að draga mjög úr gengisbreytingum til að lækka verðbólgu innanlands. Varð þetta til þess, að vegin meðalhækkun á gengi erlendra gjaldmiðla var ekki nema 26,2% frá desember 1980 til desember 1981, en á sama tíma hækkaði lánskjaravísitala um 48,2%. Þessi þróun gat ekki gengið til lengdar, enda hvatti hún mjög til innflutnings og dró úr rekstrargetu útflutningsatvinnuveganna. Hlaut því til þess að koma, að á árinu 1982 yrði að leiðrétta gengið þannig, að erlendir gjaldmiðlar hækkuðu meira en næmi almennum verðlagshækkunum, en auk þess bættust nú við rekstrarerfiðleikar sjávarútvegs vegna aflabrests. Allt leiddi þetta til þess, að vegið meðalgengi erlendra gjaldmiðla hækkaði um 85,5% frá ársbyrjun til ársloka, en lánskjaravísitala um 61,3%. Lætur þá nærri, að fyrir þessi tvö ár í heild, 1981 og 1982, hafi gengi erlends gjaldeyris og innlent verðlag hækkað um nær það sama. Á þessum tveim árum hækkaði vísitala vegins meðalgengis um 134,2% og lánskjaravísitala um 139,1%.

Árið 1982 hófst með því, að lokað var fyrir gjaldeyrisviðskipti frá árslokum 1981 fram til 14. janúar, en þá var gengi krónunnar lækkað um 12%, sem samsvarar 13,6% meðalhækkun á gengi erlendra gjaldmiðla. Eftir þessa breytingu hélst meðalgengi erlendra gjaldmiðla tiltölulega stöðugt fram í marsbyrjun, en eftir það var gengið látið síga um 3—5% á mánuði fram til ágústmánaðar, en 23. ágúst var gengi krónunnar lækkað um 14,3%, sem samsvaraði 16,7% hækkan á meðalgengi erlendra gjaldmiðla gagnvart krónunni. Var breyting þessi gerð vegna aflabrests og versnandi afkomu sjávarútvegsins og til að hamla gegn vaxandi viðskiptahalla, er á árið leið, bæði vegna minnkandi útflutningsframleiðslu og aukins innflutnings. Síðustu fjóra mánuði ársins hélt gengi krónunnar enn áfram að síga til jafns við hækkanandi framleiðslukostnað og verðbólgu í landinu.

## Raungengi



Raungengi krónunnar er raunverulegt gengi hennar að meðreiknuðum kostnaðarhlutföllum innlendrar og erlendrar framleiðslu. Breyting raungengis felur þannig í sér tvo þætti, þ.e. mismun innlendrar og erlendrar verðbólgu og breytt gengi krónunnar. Raungengið hækkar því t.d., þegar gengislækkun krónunnar er ekki nægilega mikil til að vega upp mun á innlendri og erlendri verðbólgu. Hækkun raungengis hefur tvenns konar afleiðingar í för með sér. Í fyrsta lagi lækkar verð á innfluttum varningi miðað við verð innlendrar framleiðslu, og í öðru lagi hækkar tilkostnaður útflutningsgreina í hlutfalli við það verð, sem þær fá fyrir afurðir sínar. Þetta þýðir að öðru óbreyttu, að samkeppnisstaða rýrnar og arðsemi minnkar í útflutnings- og samkeppnisgreinum, samfara því að raungengi hækkar. Vísitala raungengis krónunnar á árunum 1970—1982 er sýnd á meðfylgjandi töflu. Árið 1979 er sett á 100, en raungengi þess árs er mjög nærri meðaltali allra árána. Raungengi má mæla með ýmsum hætti, en hér er það mælt með hlutfalli verðvísitölu vergrar landsframleiðslu í Bandaríkjadollurum hér á landi og í helstu viðskiptalöndum. Verðvísitala vergrar landsframleiðslu er valin í þessu skyni, þar sem hún er mælikvarði á verð allra framleiðsluþátta, sem notaðir eru í hverju landi, og því mun víðtækari mælikvarði á innlent verðlag en aðrar tiltækar verðlagsvísitölur.

Tafla VII.1. Raungengi íslensku krónunnar.

1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976
84,7	87,2	90,0	101,5	115,3	90,1	100,1
1977	1978	1979	1980	1981	1982 <sup>1)</sup>	
113,5	104,3	100,0	100,3	105,1	96,6	

1) Bráðabirgðatölur.

Ofangreind tafla ber með sér, að raungengi íslensku krónunnar hefur verið þó nokkuð sveiflukennt á þessu árabili. Það er breytingum undirorpið, hve hátt raungengi útflutningur og samkeppnisgreinarnar geta borið. Á undanförunum áratugum hefur afkoma sjávarútvegsins verið leiðandi í þessu sambandi, bæði vegna vægis hans í útflutningnum og sveiflukennds eðlis hans. Í kjölfar góðæris í sjávarútvegi hefur fylgt hækkandi raungengi, og hallæri hefur fylgt lækkandi raungengi. Þannig féll raungengi krónunnar um 8% á árinu samfara hinum mikla samdrætti, sem átti sér stað í sjávarútvegi. Þetta samhengi má einnig lesa út úr meðfylgjandi línuriti, sem sýnir annars vegar raungengi krónunnar og hins vegar raunverulegar tekjur af vöruútflutningi án áls, og er þá átt við kaupmátt útflutningsins gagnvart innflutningi.

## VIII. ERLEND MÁL OG SAMNINGAR

### Alþjóðastofnanir

Seðlabankinn annast fyrir hönd íslenskra stjórnvalda margvísleg viðskipti á sviði efnahags- og fjármála við alþjóðastofnanir og erlendar peningastofnanir. Á bankinn samskipti við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF), Alþjóðabankann og systurstofnanir hans (World Bank Group), Efnahags- og framfarastofnunina í París (OECD), Fjárhagsnefnd Norðurlanda, norrænu seðlabankana og Alþjóðlega greiðslubankann (BIS) auk margra annarra banka.

Á árinu 1982 var dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri áfram aðalfulltrúi Íslands í sjóðráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Jón Sigurðsson, fulltrúi Norðurlandanna í sjóðsstjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, varafulltrúi. Aðalfulltrúi í bankaráði Alþjóðabankans var Tómas Árnason viðskiptaráðherra, og Ragnar Arnalds fjármálaráðherra var varafulltrúi hans.

Jón Sigurðsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, var aðalfulltrúi Norðurlandanna í sjóðsstjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Leif Vidvei frá Noregi varafulltrúi hans. Hans Lundström frá Svíþjóð var aðalfulltrúi Norðurlandanna í bankaráði Alþjóðabankans til 1. júlí og Pekki Korpinen frá Finnlandi þaðan í frá. Ole L. Poulsen frá Danmörku var varafulltrúi. Fulltrúar Norðurlandanna hjá þessum stofnunum hafa aðsetur í höfuðstöðvum stofnananna í Washington, D.C.

Ársfundur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans var haldinn í Toronto í Kanada í lok september, og sóttu hann Jóhannes Nordal, Jón Sigurðsson, Ragnar Arnalds, Sigurgeir Jónsson, Tómas Árnason og Þórhallur Ásgeirsson.

### Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á sl. starfsári, sem lauk í apríllok 1982, mótaðist sem fyrr af þeirri efnahagskreppu, sem gengið hefur yfir heiminn. Kom það í hlut sjóðsins að gegna lykilhlutverki við að endurskipuleggja greiðslu erlendra skulda margra ríkja, sem lent höfðu í greiðsluferfiðleikum. Sjóðurinn gegnir og því hlutverki að hafa eftirlit með skráningu og stjórnun á gengi gjaldmiðla aðildarlanda hans. Þá gegndi sjóðurinn lykilhlutverki í þeirri viðleitni að



varna hruni á alþjóðafjármögnunarkerfinu, en á því er einmitt talin hætta, að greiðsluþrot eins eða fleiri landa gæti leyst keðjuverkun úr læðingi, sem steypa mundi mörgum stærri viðskiptabönkum heims. Þá var á starfsárinu unnið áfram að aukningu á heildarkvótum aðildarlandanna hjá sjóðnum, en á þeim byggist stærsti hlutinn af umráðafé hans. Aðalhlutverk hans er að lána fé til þeirra aðildarlanda, sem eiga í greiðslujafnaðarerfiðleikum. Lánveitingar þessar stórkjúst á árinu og námu brúttó samtals 7,0 milljörðum sérstakra dráttarréttinda (SDR) borið saman við 4,4 milljarða SDR árið áður. Nettó jukust þær úr 1,9 milljörðum í 5,0 milljarða SDR og hafa ekki verið hærri síðan 1974. Hins vegar var ekki um að ræða neina úthlutun á sérstökum dráttarréttindum, en síðast var þeim úthlutað árið 1981. Ísland tók tvö lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á árinu 1982. Í nóvember dró Seðlabankinn á innstæðu sína hjá sjóðnum 9,04 millj. SDR (160 m.kr. á þágildandi gengi), en innstæða þessi er eiginlega hluti af gjaldeyrissjóði landsins, þannig að hér er meira um tæknilega millifærslu að ræða. Í desember var síðan tekið svokallað jöfnunarlán, 21,5 milljónir SDR (385 m.kr. á því gengi, er þá gildi), en slíkt lán stóð til boða til að jafna að nokkru upp minnkunina í útflutningi á árinu. Í ársbyrjun nam skuld Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn samtals 5,9 milljónum SDR, en það voru eftirstöðvar af lánum, teknum á árunum 1974—1976, er samtals námu 62,2 milljónum SDR. Í árslok voru eftirstöðvarnar komnar í 1,7 milljónir SDR, sem greiddast á fyrstu mánuðum ársins 1983.

Kvóti Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum nemur 43,5 milljónum SDR, og hafði hann hækkað um 50% árið 1980. Ný hækking á fjárframlögum til sjóðsins (kvótum) var í undirbúningi á árinu, en var ekki lokið fyrir áramót. Engar úthlutanir á sérstökum dráttarréttindum áttu sér stað á árinu eins og gerst hafði næstu þrjú árin á undan. Sendinefnd frá sjóðnum kom að vanda til landsins á árinu til viðræðna við stjórnvöld um ýmsa þætti efnahags- og fjármála.

Árlegur fundur seðlabanka Norðurlanda var haldinn í Finnlandi í ágúst 1982. Innri stjórnunarmál voru aðalræðuefni fundarins, auk þess sem fjallað var um samstarf norrænu seðlabankanna á breiðum grundvelli og þátttöku þeirra í viðtækara alþjóðlegu samstarfi um gjaldeyris- og peningamál. — Fjárhagsnefnd Norðurlanda hélt þrjá fundi á árinu, en hún fjallar m.a. um viðfangsefni á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en starfar einnig að hluta til sem embættismannanefnd á vegum Norðurlandaráðs og fær sem slík ýmis verkefni frá ráðinu á sviði gjaldeyris- og fjármála. Þá tók Seðlabankinn á árinu þátt í fundum þeirra norrænu aðila, sem hafa með höndum erlendar lántökur fyrir opinbera aðila á Norðurlöndum.

## Norrænt samstarf

## IX. UMSJÁ SJÓÐA OG ÝMIS STARFSEMI FYRIR RÍKISSJÓÐ

### Ríkisábyrgðasjóður

Á árinu voru veittar 23 nýjar ríkisábyrgðir eða jafnmargar og árið áður, en fjárhæð veittra ábyrgða hækkaði hins vegar mikið miðað við fyrra ár eins og yfirlitið hér á eftir ber með sér:

*Tafla IX.1. Ríkisábyrgðir 1981 og 1982.*

	1981		1982	
	Fjöldi	M.kr.	Fjöldi	M.kr.
Hafnargerðir og dráttarbrautir .....	18	7,9	7	1,0
Iðnaður .....	—	—	3	48,8
Samgöngur .....	1	39,2	—	—
Togarar og fiskiskip .....	1	23,0	6	12,7
Rafveitur og virkjanir .....	—	—	1	6,0
Hitaveitur .....	—	—	1	480,0
Annað .....	3	48,3	5	61,6
	23	118,4	23	610,1

Heildarfjárhæð ríkisábyrgða var í lok ársins um 5.618 m.kr., þar af nema ábyrgðir á gengistryggðum lánunum um 3.346 m.kr.

Greiðslur, sem á Ríkisábyrgðasjóð hafa fallið vegna ríkisábyrgða, hafa vaxið mjög undanfarin ár og langt umfram hækkanir innborgana frá skuldurum. Tafla IX.2. sýnir fjárhæðir innleystra krafna, endurgreiðslur frá skuldurum og nettógreiðslur árin 1978—1982.

*Tafla IX.2. Innleystar kröfur og endurgreiðslur til Ríkisábyrgðasjóðs 1978—1982.  
(Í milljónum króna)*

	1978	1979	1980	1981	1982
Innleystar kröfur .....	29,0	34,1	42,7	60,6	89,1
Endurgreiðslur skuldara .....	25,3	30,2	36,5	60,6	66,6
	3,7	3,9	6,2	0	22,5

### Lánaumsjá fyrir ríkissjóð

54

Seðlabankinn veitir ýmsa þjónustu í sambandi við lántökur ríkissjóðs, innanlands og utan. Þannig annast bankinn t.d. útgáfu innlendra skuldabréfa ríkissjóðs. Ríkisábyrgðasjóður annast vörslu þeirra lána, sem ríkissjóður veitir af eigin fé sínu eða af andvirði

lána, sem hann hefur tekið til endurlána. Í árslok 1982 nam höfuðstóll endurlána ríkissjóðs 9.945 m.kr. og hækkaði á árinu um 5.296 m.kr. Ný lán, veitt á árinu, námu 2.126 m.kr.

### **Spariskírteini**

Í fjárlögum 1982 var fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilað að gefa út innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð 150 m.kr. Að auki voru í gildi heimildir til útgáfu spariskírteina vegna innlausnar eldri spariskírteina. Alls var heimilt að selja spariskírteini að fjárhæð 380,6 m.kr. Spariskírteini voru boðin til sölu í tveim flokkum. Sala fyrri flokksins hófst í febrúar og lauk í lok júní. Alls seldust skírteini að nafnverði 75 m.kr. Sala síðari flokksins hófst um miðjan september og lauk á gamlársdag. Var ætlunin að selja 75 m.kr., en salan varð 52 m.kr. Alls seldust því spariskírteini að nafnverði 127 m.kr. á árinu. Kjörum skírteina var breytt nokkuð frá því sem var árið áður. Lánstími var stytur, vextir hækkaðir og binditími stytur. Meðalvextir þessara skírteina eru 3,5% p.a., og þau eru lengst til 20 ára. Skírteinin eru innleysanleg eftir 3 ár.

Nú hafa verið gefnir út 35 flokkar spariskírteina, samtals að nafnverði 406,6 m.kr. Á árinu komu til lokainnlausnar 2 flokkar skírteina, útg. 1969 og 1970. Alls eru þá fallnir til lokainnlausnar 11 flokkar af þeim 35, sem út hafa verið gefnir. Nafnverð óinnleysta spariskírteina nam í árslok 1982 397,7 m.kr., en að viðbættum vöxtum og verðbótum var verðmæti þeirra 2.353,4 m.kr. Innlausnarvirði innleysanlegra skírteina nam þá 1.010,4 m.kr.

### **Happdrættisbréf**

Ekki voru gefin út happdrættisbréf á árinu. Þau voru gefin út í 11 flokkum á árunum 1972—1977 og 1981. Andvirði bréfanna, samtals 23,5 m.kr., var varið til vegaf framkvæmda. Fyrsti flokkur bréfanna kom til endurgreiðslu á árinu. Verðmæti útistandandi happdrættisbréfa að viðbættum verðbótum nam í árslok 1982 338,7 m.kr.

### **Önnur innlend fjáröflun**

Leitað var eftir því við banka og sparisjóði, að þeir keyptu af ríkissjóði verðtryggð skuldabréf með svipuðum hætti og gert var 1981. Alls keyptu innlánsstofnanir slík bréf fyrir 70,4 m.kr., sem var nokkru minna en árið áður. Lífeyrissjóðir keyptu verðtryggð skuldabréf ríkissjóðs fyrir 55 m.kr.

### **Erlend lán**

Eins og áður hafði Seðlabankinn á árinu 1982 milligöngu við útvegum erlendra framkvæmdalána fyrir ríkissjóð og veitti ýmsum ríkisfyrirtækjum og opinberum stofnunum aðstoð og ráðgjöf við erlendar lántökur. Á árinu var samið um fjögur stór erlend lán ríkissjóðs. Í febrúar var samið við Citicorp International Bank Ltd. og fleiri banka um lán að fjárhæð 75 millj. Bandaríkjadollara. Lán þetta er veltilán til 10 ára. Lánið má taka að hluta eða öllu og endurgreiða á sama hátt hvenær sem er á 5 árum frá undirskriftardegi. Lánsfjárhæð þá, sem útistandandi er við lok þessa 5 ára tímabils, skal endur-



greiða á 5 árum. Vextir eru  $3/8\%$  yfir millibankavöxtum í London fyrstu 5 árin, en síðan hækkar vaxtaálagið í  $1/2\%$ . Í árslok höfðu verið notaðar 35 millj. dollara af láni þessu. Hinn 10. maí var undirritaður lánsamningur við Westdeutsche Landesbank-Girozentrale og fleiri banka. Lánsfjárhæð er 75 millj. þýskra marka, sem jafngildi 346,9 m.kr., þegar lánið kom til útborgunar. Það er til 10 ára, endurgreiðist í einu lagi hinn 1. júní 1992. Vextir eru  $9/4\%$  p.a. Láni þessu var varið til opinberra framkvæmda skv. lánsfjáráætlunum 1981 og 1982. Hinn 15. júní var tekið lán hjá japönskum tryggingarfélagum. Lánið er að fjárhæð 5000 millj. yena og er til 15 ára. Endurgreiðsla fer fram á árunum 1994—1997. Vextir eru  $8,6\%$  p.a. Umsjón með lántöku hafði Nikko Securities Ltd., en umsjón með endurgreiðslu og skráningu lánsins hefur Kyowa Bank Ltd. Andvirði lánsins var endurlánað hitaveitum Akraness og Borgarfjarðar, Akureyrar og Suðurnesja. Andvirði lánsins nam um 222 m.kr. á lántökudegi. Í desember var síðan tekið lán hjá ýmsum erlendum bönkum fyrir milligöngu Credit Suisse First Boston Ltd. og Hambros Bank Ltd., en umsjón með greiðslu hefur Citibank N.A. í London. Lán þetta er að fjárhæð 50 millj. Bandaríkjadollara, sem jafngildi 828,5 m.kr. hinn 30. desember, þegar lánið kom til útborgunar. Lánið er til 10 ára og endurgreiðist á árunum 1987—1992. Vextir eru  $12\frac{3}{4}\%$  p.a. Af andvirði lánsins voru 30 millj. dollara lagðar inn á lokaðan reikning til endurgreiðslu á veltiláni frá Midland Bank sömu fjárhæðar, en því láni var sagt upp til endurgreiðslu hinn 31. janúar 1983. Mótvirði lánsins er varið til lánveitinga samkvæmt lánsfjáráætlunum 1981 og 1982. Nánar er fjallað um ráðstöfun lánsfjárins í kafla IV.

## Orkusjóður

Á fjárlögum 1982 voru framlög til Orkusjóðs 43,4 m.kr. auk verðjöfnunargjalds, sem var 122,9 m.kr. Með lögum nr. 89/1981 var ákveðið, að jafnvirði 3 prósentustiga verðjöfnunargjalds, en verðjöfnunargjald er  $19\%$ , skyldi varið til að greiða kostnað Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða af notkun varaafstöðva vegna rafmagnsskorts veturinn 1981. Þessi hluti gjaldsins nam 19,4 m.kr. Lántökur Orkusjóðs námu alls 1008,3 m.kr., en lánveitingar 994,7 m.kr. Lánveitingar skiptust eins og greinir í töflu IX.3.

*Tafla IX.3. Lánveitingar Orkusjóðs 1982.  
(Í milljónum króna)*

Lán til raforkuframkvæmda .....	954,7
Hitaveitulán .....	27,2
Lán til jarðhitaleitar .....	12,1
Einkarafstöðvalán .....	0,7
Samtals .....	994,7

Vaxtatekjur Orkusjóðs námu 279,5 m.kr. á árinu, en vaxtagjöld 292,9 m.kr. (bráðabirgðatölur). Á töflu IX.4. má sjá sundurliðun styrkveitinga sjóðsins á árinu.

*Tafla IX.4. Styrkveitingar og framlög úr Orkusjóði 1982.  
(Í milljónum króna)*

<i>Skv. 73. gr. orkulaga:</i>		
Til sveitarafvæðingar .....	7,0	
Til styrkingar rafdreifikerfa .....	19,8	
Til raflínuflutninga .....	1,8	28,6
<hr/>		
<i>Af verðjöfnunargjaldi:</i>		
Til Rafmagnsveitna ríkisins .....	81,5	
Til Orkubús Vestfjarða .....	20,4	
Til Rafveitu Siglufjarðar .....	1,3	
<hr/>		
<i>Vegna notkunar varaafstöðva:</i>		
Til Rafmagnsveitna ríkisins .....	11,0	
Til Orkubús Vestfjarða .....	8,4	122,6
<hr/>		
Samtals .....		151,2

**Hafnabótasjóður**

Hafnabótasjóður veitti á árinu lán til 7 hafnarsjóða og að auki 3 bráðabirgðalán, samtals 5,3 m.kr. Styrkir voru veittir 24 hafnarsjóðum, samtals 7,4 m.kr. Miðað við fyrra ár drógust lánveitingar mjög saman, en styrkveitingar jukust hins vegar mjög mikið. Árið 1981 námu lánveitingar 13,7 m.kr., en styrkveitingar 1,5 m.kr. Á árinu tók sjóðurinn bráðabirgðalán hjá Atvinnuleysistryggingasjóði og Framkvæmdasjóði, samtals 7,0 m.kr. Framlag ríkissjóðs á fjárlögum nam 4,8 m.kr. Vaxtatekjur námu alls 8,5 m.kr., en vaxtagjöld 3,5 m.kr.

**Verðjöfnunarsjóður  
fiskiðnaðarins**

Árið 1982 getur ekki talist merkilegt í 13 ára sögu Verðjöfnunarsjóðs, sé litið til raunverulegrar verðjöfnunar, og kemur þar ýmislegt til. Má þar nefna greiðsluþrot nokkurra afurða, sem átti sér stað á árinu og árinu 1981, sölutregðu á skreið og ekki hvað síst tiltölulega stöðugt verðlag, sem ekki gaf tilefni til verðjöfnunar. Ekki dró neitt úr kapphlaupi milli hækkunar framleiðslukostnaðar annars vegar og gengisbreytinga hins vegar, og reyndist eins og svo oft áður óhjákvæmilegt að taka tillit til þessara viðhorfa við ákvörðun viðmiðunarverðs.

Gert er ráð fyrir, að greiðslur verðbóta á framleiðslu ársins 1982 geti numið um 12,5 m.kr. og greiðslur í sjóðinn um 1,3 m.kr. eða 11,2 m.kr. greiðslu úr sjóðnum umfram innborganir. Hér er um að ræða verulega breytingu frá því, sem gerðist á árunum 1979, 1980 og 1981, en á þeim árum áttu sér stað mestu greiðslur úr sjóðnum frá því að hann tók til starfa.

Endanlegt uppgjör liggur fyrir um greiðslur (verðhækkunatekjur og verðbætur) að því er snertir allar afurðir, framleiddar á árinu 1981 að skreið undanskilinni, en vegna söluerfiðleika hefur enn ekki tekist að gera þá afurð upp á grundvelli verðjöfnunar. Uppgjöri fyrir framleiðslu ársins 1982 er hins vegar enn ekki lokið, og eru því tölur fyrir það ár í eftirfarandi yfirliti að mestu byggðar á áætlun:

*Tafla IX.5. Greiðslur Verðjöfnunarsjóðs eftir framleiðsluárum.  
(Í þúsundum króna)*

	Framleiðsla 1981		Framleiðsla 1982	
	Innh.	Útgr.	Innh.	Útgr.
Frystar fiskafurðir .....		40.572		6.820
Freðfiskur .....		26.127	0	0
Humar .....		48	0	0
Rækja .....		12.282		1.720
Hörpudiskur .....		2.115		5.100
Saltsild .....		3.650	0	0
Saltfiskafurðir .....		3.290		4.450
Saltfiskur, óverkaður .....		3.238		2.800
Saltfiskur, verkaður .....	0	0	0	0
Söltuð ufsaflök .....		52		1.650
Skreið .....	9.000		1.300	
Mjöl- og lýsifurðir .....		53.244		1.198
Mjöl .....		29.568		915
Loðnummjöl .....		23.131		915
Spærings- og kolmunnamjöl .....		66	0	0
Þorskmjöl .....		5.969	0	0
Síldarmjöl .....		402	0	0
Lýsi .....		23.676		283
Loðnulýsi .....		23.173		283
Síldarlýsi .....		503	0	0
Samtölur afurða .....	9.000	100.756	1.300	12.468
Samtölur deilda .....	9.000	100.756	1.300	12.468
Samtölur Verðjöfnunarsjóðs, nettó .....		91.756		11.168

Heildarinnstæða Verðjöfnunarsjóðs í Seðlabankanum nam 147,4 m.kr. í árslok 1981, en 259,8 m.kr. í árslok 1982. Átti skreiðardeildin mest bæði árin. Eftirfarandi yfirlit sýnir innstæður í árslok 1981 og 1982 ásamt breytingum á árinu 1982, skipt eftir deildum:

*Tafla IX.6. Innstæður Verðjöfnunarsjóðs í Seðlabankanum.  
(Í þúsundum króna)*

	Stofn- fjár- deild	Frysti- afurða deild	Salt- síldar- deild	Salt- fisk- deild	Skreiðar- deild	Mjöl- og lýsis- deild	Alls
Innstæður 31/12'81	9.540	36.565	2.010	25.621	39.229	34.452	147.417
Stofnfé flutt <sup>1)</sup> .....	-3.825	—	—	—	—	3.825	0
Inngreitt/útgreitt ..	48	-16.228	-3.685	-4.203	1.004	-51.657	-74.721
Gengisuppfærsla ..	1.587	25.833	705	31.101	48.297	9.889	117.412
Vextir <sup>2)</sup> .....	346	4.788	144	5.564	8.757	1.814	21.413
Eftirst. gengisuppf. afurða- og rekstrar- lána <sup>3)</sup> .....	-7.253	574	101	2.545	3.641	392	0
Framlag frá gengis- mun 1981 <sup>4)</sup> .....	—	216	15	6.000	12.000	—	18.231
Framlag frá gengis- mun 1982 <sup>5)</sup> .....	—	—	—	12.000	9.500	7.500	29.000
Framlag frá ríkis- sjóði .....	—	—	1.000	—	—	—	1.000
Innstæður 31/12'81	443	51.748	290	78.628	122.428 <sup>7)</sup>	6.215	259.752

1) Inneign síldarmjöls og -lýsis, en þessar afurðir voru teknar til verðjöfnunar á árinu 1981.

2) Vextir voru 11,61%, þ.e. meðalvextir ríkisvixla í Bandaríkjunum og Bretlandi.



## **Olíusjóður fiskiskipa**

- 3) Með lögum nr. 81/1981 var ákveðið, að Seðlabanki Íslands endurgreiddi gengisuppfærslu á endurkeyptum afurða- og rekstrarlánnum vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981. Samtals runnu til sjóðsins samkvæmt þessu 35,7 m.kr., og var 28,4 m.kr. ráðstafað á árinu 1981, þ.e. eign freðfisks. Eftirstöðvunum, 7,3 m.kr., var hins vegar ekki ráðstafað fyrr en á árinu 1982.
- 4) Hér er um að ræða uppgreiðslu gengismunar af óverkuðum saltfiski, skreið, frystum hörpudiski og saltsíld, sem ákveðið var að taka með lögum nr. 81/1981. Áætlað endanlegt framlag þessa gengismunar ásamt vöxtum er 21,8 m.kr.
- 5) Hér er um að ræða uppgreiðslu gengismunar af óverkuðum saltfiski, skreið og loðnumjöli og -lýsi, sem ákveðið var að taka með lögum nr. 28/1982. Áætlað endanlegt framlag þessa gengismunar ásamt vöxtum er 33,5 m.kr.
- 6) Á árinu 1981 gaf sjávarútvegsráðherra fyrirheit um útvegum allt að 1 m.kr. til verðbóta á saltsíld, framleiddri haustið 1981, til lausnar á ákvörðun hráefnisverðs. Var þessu fé ráðstafað að fullu í verðbætur á saltsíldarframleiðslu framangreinds tímabils.
- 7) Á árinu 1981 var tekið gengistryggt lán að upphæð 42 millj. kr. skv. heimild í lögum nr. 81/1981. Var þetta gert til þess að gera sjóðnum kleift að standa undir greiðslum vegna verðbóta á loðnuafurðir (mjöl og lýsi), framleiddar á tímabilinu frá 1. október til 31. desember 1981. Um áramótin 1982/1983 stóð lán þetta framreiknað ásamt vöxtum í 73,2 m.kr.

Olíusjóður fiskiskipa var settur á stofn með bráðabirgðalögum nr. 81/1982 í þeim tilgangi að greiða niður verð á brennsluólíu til íslenskra fiskiskipa um 22% af útsöluverði á tímabilinu frá 1. september til 31. desember 1982, og var Seðlabanka Íslands falið að annast stjórn og gæslu sjóðsins og sjá um greiðslur úr honum.

Í þessu skyni var ákveðið í lögnum að verja allt að 30 m.kr. af greiðsluafgangi Tryggingasjóðs fiskiskipa ásamt allt að 30 m.kr. láni, sem sjóðnum var heimilt að taka og ríkissjóður veitti sjálfskuldarábyrgð fyrir. Voru þetta samtals 60 m.kr., og var þeim að fullu ráðstafað í niðurgreiðslur á framangreindu tímabili.

## X. ÝMSIR ÞÆTTIR Í STARFSEMI BANKANS OG LAGABREYTINGAR

**Helstu lagabreyt-  
ingar, er snerta  
bankann á árinu  
1982**

Með bráðabirgðalögum frá 14. janúar 1982, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um 12% lækkun á meðalgengi krónunnar þennan dag, voru ákvæði um myndun gengismunarsjóðs af söluandvirði útfluttra sjávarafurða, er framleiddar höfðu verið fyrir gengisbreytinguna. Var gjaldeyririnn keyptur á kaupgengi afgreiðsludags að frádregnum 6%, er runnu til sjóðsins. Gengismun, sem þannig myndaðist, var síðan varið, að greiddum hækkunum á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning afurða þeirra, sem lög þessi tóku til, til að bæta stöðu Verðjöfnunar-sjóðs fiskiðnaðarins, og rann hann óskiptur til hlutaðeigandi deilda sjóðsins.

Lög nr. 65 frá 19. maí 1982 gerðu innlánsstofnanir tekju- og eignar-skattskyldar. Ber þeim að greiða tekjuskatt og eignarskatt frá og með árinu 1984 skv. almennum skattalögum, þó með nokkrum sérákvæðum, og skal skattur á árinu 1984 grundvallaður á tekjum ársins 1983 og eignum í lok þess árs. Því til viðbótar hafa löggin að geyma sérákvæði, þar sem Seðlabankanum er gert að innheimta hjá innlánsstofnunum mánaðarlega skatt frá upphafi ársins 1982 sem nemur 0,06% af heildarinnlánum hverrar stofnunar í lok hvers mánaðar.

Hinn 21. ágúst 1982 voru sett bráðabirgðalög (lög nr. 79), er höfðu að geyma ákvæði, tengd þeirri lækkun á gengi krónunnar, sem gerð var hinn 23. ágúst, með hliðstæðum ákvæðum og sett voru með umræddum bráðabirgðalögum frá 14. janúar 1982. Frádráttur frá kaupgengi nam 6,5%, er rann í sérstakan gengismunarsjóð, sem varið er í þágu sjávarútvegsins.

Hinn 21. september 1982 voru enn sett bráðabirgðalög (nr. 81), er fjölluðu um Olíusjóð fiskiskipa og hækkun fiskverðs. Settur var á stofn Olíusjóður, er greiða skyldi niður olíu til fiskiskipa á tímabilinu frá 1. september til 31. desember 1982. Var Seðlabankanum falið að annast stjórn og vörslu sjóðsins.

## Breytingar á verð- tryggingu og vöxtum

Hinn 21. apríl gengu í gildi breytingar á verðtryggingu inn- og útlána. Stofnaður var nýr flokkur innlána með 3 mánaða binditíma, fullri verðtryggingu miðað við lánskjaravísitölu, en engum vöxtum. Þá voru stofnaðir tveir nýir flokkar verðtryggðra útlána innlánsstofnana, og eru þau þá í þrem flokkum sem hér segir: Lánstími minnst 1 ár, en frá 1. nóvember minnst 9 mánuðir, vextir 2% á ári, lánstími minnst 2½ ár, vextir 2½% á ári, lánstími minnst 5 ár, vextir 3% á ári. Jafnframt voru vanskilavextir lækkaðir úr 4½% í 4% á mánuði. Vanskilavextir af verð- eða gengistryggðum skuldbindingum lækkuðu úr 6% í 5% á ári til viðbótar sammingsvöxtum og verðtryggingu. Breytingar þessar voru mikilvægur áfangi í vaxta- og verðtryggingarmálum, því að með þeim komust að fullu til framkvæmda gildandi ákvæði laga um verðtryggingu sparifjár og útlána.

## Vaxtahækkun

Hinn 1. nóvember var ákveðin hækkun vaxta af óverðtryggðum innlánnum um 8% og útlánnum um 6% eða 7%, en hækkun ársávöxtunar lánanna er í flestum tilvikum nokkru meiri en þetta sökum fleiri gjalddaga eða vaxtareikningsdaga á ári. Þá hækkuðu vanskilavextir úr 4% í 5% á mánuði. Vaxtabreyting þessi hafði verið allengi í undirbúningi. Samfara efnahagsaðgerðunum í ágúst mánuði sl. hafði bankastjórnin áformað nokkru minni vaxtahækkun og taldi slíka aðgerð óhjákvæmilegan þátt í viðleitni stjórnvalda til þess að hamla á móti misvægi á lánamarkaði og stöðugu útstreymi gjaldeyris. Ríkisstjórnin taldi sér þá ekki fært að taka afstöðu til þess, hvort áform þessi samrýmdust markmiðum hennar í efnahagsmálum, svo að þau voru tekin til nánari yfirvegunar í ljósi efnahagsframvindunnar síðan og í samhengi við aðrar aðgerðir í peningamálum.

Tafla X.1. Vaxtabreytingar.

## Yfirlit um vaxta- breytingar 1. nóvember

	Nafnvextir %		
	Fyrir breytingu	Eftir breytingu	Breyting
<i>Innlán:</i>			
Ávísana- og hlaupareikn. ....	19,0	27,0	8,0
Almennar sparisjóðsbækur ....	34,0	42,0	8,0
3 mán. sparireikningar .....	37,0	45,0	8,0
12 mán. sparireikningar .....	39,0	47,0	8,0
<i>Útlán:</i>			
Endurseljanleg lán .....	29,0	...	...
Önnur afurðalán .....	33,0	39,0	6,0
Hlaupareikningslán .....	33,0	39,0	6,0
Vixlar .....	32,0	38,0	6,0
Skuldabréf .....	40,0	47,0	7,0
<i>Vanskilavextir:</i>	48,0	60,0	12,0

Ákvörðun um breytt vaxtakjör endurseljanlegra afurða- og rekstrarlána, sem er lögum samkvæmt háð sérstöku samþykki ríkisstjórnarinnar og frestað var við vaxtabreytinguna 1. nóvember, var tekin 21.



desember með gildistöku hinn 1. janúar 1983. Hafði hún í för með sér 4% hækkun, þannig að þessir vextir urðu alls 33% á ári.

### **Seðlar, mynt og gjaldmiðilsbreyting**

Í árslok 1982 námu seðlar og mynt í umferð 567,6 milljónum króna og höfðu aukist um 27,9% á árinu. Árið áður var aukningin 88,7% og árið 1980 36,8%. Eftir gjaldmiðilsbreytinguna í ársbyrjun 1981 jókst notkun seðla og myntar í almennum viðskiptum verulega, en að sama skapi dró úr notkun ávísana. Nú hefur notkun ávísana aukist aftur, og var fjöldi ávísana í ávísanaskiptum árið 1982 15,7% meiri en árið 1981 og 10,9% meiri en árið 1980. Í árslok 1982 höfðu 96,3% af verðmæti seðla í gömlum krónum í umferð m.v. árslok 1980 verið innleyst og 52,9% af myntinni. Seðlar og mynt í gömlum krónum féllu úr gildi sem lögeyrir í júnílok 1981, en frestur til innlausnar í Seðlabankanum rann út í árslok 1982.

### **Gjaldeyris- og innflutningsmál**

Hinn 1. apríl 1980 var tekin upp breytt skipan gjaldeyrismála á grundvelli nýrra laga um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála nr. 63/1979 og reglugerðar skv. þeim nr. 519/1979. Jafnframt var skipuð Samstarfsnefnd um gjaldeyrismál, sem vinnur á vegum viðskiptaráðuneytis undir forustu þess, og er nefndin auk þess skipuð fulltrúum frá Seðlabanka, Landsbanka, Útvegsbanka og nú Búnaðarbanka, eftir að hann hefur fengið gjaldeyrisréttindi. Nefndin kemur venjulega saman tvisvar í viku. Hún semur drög að þeim reglum, sem gilda um framkvæmd gjaldeyrismála og ráðuneytið gefur út. Nefndin er samstarfsvettvangur þessara aðila um gjaldeyris- og innflutningsmál og fyrir hana eru lögð þau erindi, sem bankarnir mega ekki afgreiða sjálfstætt. Eru það einkum erindi, er varða eignayfirfærslur, svo og gjaldfrestsmál, skipa- og flugvélaleigur o.fl. mál. Jafnframt hefur gjaldeyriseftirlitið fengið aukin verkefni með því að fylgjast með framkvæmd við bankana, m.a. á grundvelli tölvuvinnslu, þar sem allar „ósýnilegar greiðslur“ og stutt erlend lán hafa verið tekin upp í tölvu. Þá fer nú fram allvíðtækur undirbúningur að tölvuvæðingu allra gjaldeyrisviðskipta, einnig kaupa og sölu gjaldeyris til inn- og útflutnings.

### **Gjaldeyrisréttindi Búnaðarbankans**

Með bréfi Seðlabanka Íslands, dags. 14. október 1982, var Búnaðarbanka Íslands veitt leyfi til að versla með gjaldeyri. Var gert ráð fyrir, að gjaldeyrisþjónustan yrði tekin upp í áföngum. Um áratugi voru það aðeins Landsbanki og Útvegsbanki, er störfuðu sem gjaldeyrisviðskiptabankar. Þeir stóðu fyrst og fremst undir lykilframleiðslugreinum landsmanna. Viðhorf í því efni hefur breyst. Búnaðarbanki er orðinn næststærsti bankinn og hefur tekið að sér fjármögnun fleiri framleiðslugreina. Náðist samkomulag við ríkisstjórnina um vorið um að Búnaðarbankinn fengi umrædd réttindi

## Starfsemi banka- eftirlits

með haustinu. Ákvæði í lögum um veitingu réttindanna er að finna í 19. gr. Seðlabankalaga nr. 10/1961. Er hér um talsverð þáttaskil að ræða í bankamálum. Er gert ráð fyrir, að viðskiptin hefjist fyrir hluta árs 1983.

Seðlabankinn hefur með höndum eftirlit með starfsemi innlánsstofnana, sbr. 10. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands. Innlánsstofnanir eru skv. lögnum viðskiptabankar, sparisjóðir, innlánsdeildir samvinnufélaga, Söfnunarsjóður Íslands og hver sú stofnun önnur, sem tekur við innlánnum frá almenningi eða rekur sambærilega starfsemi að mati bankans. Póstgíróstofan telst til innlánsstofnana samkvæmt fyrrnefndri skilgreiningu. Bankaeftirlitið skal fylgjast með því, að innlánsstofnanir fylgi lögum og reglum, sem hverju sinni gilda um starfsemi þeirra. Skylt er bankaeftirlitinu að tilkynna ráðherra þegar í stað, ef það telur hag eða rekstur innlánsstofnunar óheilbrigðan. Eftirlitið er framkvæmt með reglubundnum heimsókn-um í innlánsstofnanir, þar sem gerðar eru nákvæmar athuganir á útlánnum og öðrum efnahags- og rekstrarliðum. Auk þess safnar bankaeftirlitið margvíslegum upplýsingum um mánaðarlegan efnahag og rekstur innlánsstofnana í skýrsluformi. Bankar og sparisjóðir skila til bankaeftirlitsins ítarlega sundurliðuðum ársreikningum, og hafa þeir verið gefnir út árlega í samandregnu og samræmdu formi síðastliðin 10 ár. Auk reglubundins eftirlits með innlánsstofnunum sinnir bankaeftirlitið margvíslegum öðrum verkefnum og má þar m.a. nefna framkvæmd innlánsbindingar, umsjón með samræmingu gjaldskráa fyrir innlánsstofnanir, afgreiðslu á umsóknum um stofnun útibúa o.fl. Með lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, var Seðlabanka Íslands falin innheimta á skattgreiðslum innlánsstofnana f.h. ríkissjóðs. Bankaeftirlitið annast innheimtuna og voru innheimtir skattar af innlánsstofnunum samkvæmt ákvæðum laganna að fjárhæð 52,4 m.kr. fyrir árið 1982.

Fjöldi banka, sparisjóða og innlánsdeilda samvinnufélaga var sem hér segir í árslok 1981 og 1982:

### Tafla X.2. Afgreiðslustaðir innlánsstofnana.

	Árslok 1981	Árslok 1982
Viðskiptabankar .....	7	7
Bankaútibú .....	79	84
Umboðsskrifstofur banka .....	23	25
Sparisjóðir .....	42	40
Umboðsskrifstofur sparisjóða .....	2	3
Innlánsdeildir samvinnufélaga .....	32	31
Afgreiðslustaðir alls:	185	190

Á árinu opnaði Landsbanki Íslands þrjú ný útibú, við Álfabakka í Breiðholti, Miklubrautarútibú við Grensásveg, hvort tveggja í

Reykjavík, og á Skagaströnd jafnhliða yfirtöku á Sparisjóði Skagastrandar, sem þar með hætti starfsemi. Iðnaðarbanki Íslands hf. opnaði útibú í Garðabæ. Búnaðarbanki Íslands opnaði útibú í Grundarfirði jafnhliða yfirtöku á Sparisjóði Eyrarsveitar, sem þar með hætti starfsemi. Þá opnaði Búnaðarbankinn tvær umboðsskrifstofur á árinu, í Glerárhverfi á Akureyri, sem rekin er í tengslum við útibú bankans á Akureyri, og í Þykkvabæ, Rangárvallasýslu, sem rekin er í tengslum við útibú bankans á Hellu. Sparisjóðurinn í Keflavík opnaði umboðsskrifstofu í Gerðum, Gerðahreppi. Eftirtalin leyfi hafa verið veitt til starfrækslu nýrra útibúa og umboðsskrifstofa, er höfðu ekki tekið til starfa í árslok 1982: Árið 1981 var Útvegsbanka Íslands veitt leyfi til starfrækslu útibús í Hlíðahverfi í Reykjavík. Sama ár var Sparisjóði Kópavogs veitt leyfi til stofnunar umboðsskrifstofu í Hjallahverfi í Kópavogi. Árið 1982 var Samvinnubanka Íslands hf. veitt leyfi til stofnunar útibús á Ártúnshöfða í Reykjavík. Þá var Landsbanka Íslands veitt leyfi til stofnunar útibús á Patreksfirði og ennfremur umboðsskrifstofu á Ártúnshöfða í Reykjavík, sem rekin yrði í tengslum við útibú bankans í Árbæjarhverfi. Sparisjóði Hafnarfjarðar var veitt leyfi til stofnunar umboðsskrifstofu í Suðurbænum í Hafnarfirði. Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis var veitt leyfi til stofnunar útibús á Seltjarnarnesi. Ein innlánsdeild samvinnufélags var formlega lögð niður á árinu. Er það innlánsdeild Kaupfélags verkamanna á Akureyri, sem var yfirtekin af innlánsdeild Kaupfélags Eyfirðinga. Í árslok 1982 voru óafgreiddar hjá Seðlabankanum umsóknir um stofnun samtals 31 nýs afgreiðslustaðar fyrir innlánsstofnanir, þar af 14 á höfuðborgarsvæðinu og 17 utan þess.

### Starfsemi lána- deildar

Meginviðfangsefni lánadeildar er umsjá endurkaupaviðskipta bankans, en önnur reglubundin millibankaviðskipti, sem lánadeild hefur séð um framkvæmd á, hafa komið til í ríkari mæli og svo var einnig á árinu 1982.

Í janúar kom til framkvæmda afnám gengisbindingar á endurkaupum út á útflutningsframleiðslu. Þrátt fyrir skamman tíma til tæknilegs undirbúnings tókst breytingin vel, og hafa engir umtalsverðir hnökrar komið fram. Samtímis var byrjað að færa önnur endurkaup Seðlabankans í Reiknistofu bankanna, og fást nú betri og skjótari tölulegar upplýsingar um þróun endurkaupaviðskiptanna en áður.

Aukning endurkaupa á árinu 1982 varð mjög veruleg eða 110,7%, sem er mun meira en árið áður. Kom þar einkum tvennt til. Annars vegar aukið birgðahald í sjávarútvegi, sérstaklega vegna sölutregðu á skreið, en endurkaup vegna sjávarútvegs jukust um 940 m.kr. eða 119,4%. Hins vegar jukust endurkaup vegna iðnaðar um 342 m.kr. eða 177,2%. Var þar bæði um fjölgun fyrirtækja að ræða í greinum,



sem áður hafa notið endurkaupaviðskipta, og einnig komu til nýjar iðngreinar svo sem skipasmíðastöðvar. Til marks um vaxandi hlutdeild iðnaðar í endurkaupum má nefna, að á tímabilinu frá júlí 1981 til nóvember 1982 fjölgaði iðnfyrirtækjum í endurkaupaviðskiptum úr 120 í 263. Endurkaup vegna landbúnaðar jukust í samræmi við verðlagsþróun og birgðahald um 58,5% á árinu. Þessi þróun hefur valdið verulegri hlutfallslegri breytingu á hlutdeild einstakra atvinnugreina í endurkaupunum eins og fram kemur í eftirfarandi töflu, sem sýnir skiptingu endurkeyþtra lána eftir atvinnuvegum.

Tafla X.3. Atvinnuvegaskipting endurkeyþtra lána.

	Staða í m.kr.		Hlutfallstöður	
	31/12/81	31/12/82	31/12/81	31/12/82
Sjávarútvegur .....	757	1.661	54,3	56,6
Landbúnaður .....	439	696	31,5	23,7
Iðnaður .....	193	535	13,9	18,2
Annað .....	4	43	0,3	1,5
	1.393	2.935	100,0	100,0

Erfitt árferði í sjávarútvegi endurspegladist mjög í ýmsum verkefnum lánadeildar á árinu 1982. Í apríl kom til framkvæmda breyting á olíuskuldum útgerðar. Þessi breyting hafði verið undirbúin af lánadeild nokkru áður. Var byggt á upplýsingum olíufélaganna og fór skuldbreytingin fram fyrir milligöngu þeirra. Samtals nam þessi skuldbreyting 56,7 m.kr. Í framhaldi af ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar í ágúst 1982 til stuðnings sjávarútvegi var ákveðið að ráðast í viðamikla breytingu á lausaskuldum útgerðarfyrirtækja. Lánadeild var falin framkvæmd af hálfu Seðlabankans. Undirbúningur skuldbreytingarinnar hófst í september, og var ákveðið að fara nokkuð aðrar leiðir en farnar hafa verið við hliðstæðar skuldbreytingar áður fyrr. Nú var miðað við, að hámarksskuldbreyting gæti numið allt að 10% af húftryggingarverði fiskiskips. Ekki var gert ráð fyrir, að neitt nýtt fé kæmi til í sambandi við framkvæmd skuldbreytingarinnar, en að vanskila- og lausaskuldir við innlánsstofnanir gengju fyrir. Að þeim frágengnum kom til greina að breyta viðskiptaskuldum við aðra, að svo miklu leyti sem það væri framkvæmanlegt með milligöngu innlánsstofnana. Lánstími var ákveðinn 5 ár og vextir 40%, breytilegir í samræmi við breytingu á skuldabréfavöxtum. Framkvæmd skuldbreytingarinnar varð ekki lokið á árinu, en um áramót hafði 297,6 m.kr. verið breytt.

Lánadeild annast skuldabréfa- og víxlaviðskipti Seðlabankans. Á árinu keypti Seðlabankinn verðbréf að upphæð 551 m.kr., en sambærileg upphæð á árinu 1981 var 312 m.kr. Þegar hefur verið getið kaupa á skuldabréfum vegna skuldbreytingar og breytingar á olíuskuldum útgerðar, en að auki má nefna kaup á skuldabréfi Byggða-

sjóðs 20 m.kr., Byggingarsjóðs ríkisins 40 m.kr. og bráðabirgðalán Olíusjóðs fiskiskipa að upphæð 30 m.kr.

Víxilkvótaviðskipti innlánsstofnana og Seðlabankans hófust á árinu 1981. Segja má, að sú góða reynsla, sem þá þegar fékkst af þessum viðskiptum, hafi verið staðfest á árinu 1982. Eftirfarandi yfirlit sýnir þróun víxilkvótaviðskipta á árinu skipt eftir ársfjórðungum. Af yfirlitinu má greinilega ráða, að bankar hafa notfært sér víxilkvótaheimildir mun betur heldur en sparisjóðir, en nýting þeirra hefur verið nokkuð mismunandi eftir ársfjórðungum. Vegna mjög erfiðrar lausafjárstöðu innlánsstofnana á þriðja ársfjórðungi var víxilkvótinn aukinn þá um nánast 50% af því, sem vera átti.

*Tafla X.4. Kvótavíxlar 1982.*

M.kr.	Bankar			Sparisjóðir			Samtals		
	Lánsheimild	Notað	%	Lánsheimild	Notað	%	Lánsheimild	Notað	%
I. ársfj.	213,0	178,9	84,0	42,7	16,3	38,2	255,7	195,2	76,3
II. ársfj.	360,3	360,0	99,9	70,3	29,7	42,2	430,6	389,7	90,5
III. ársfj.	734,1	721,8	98,3	166,7	78,3	47,0	900,8	800,1	88,8
IV. ársfj.	501,9	501,9	100,0	166,7	51,0	20,6	668,6	552,9	82,7

Með nýjum reglum um lausaskuldir banka og sparisjóða við Seðlabankann frá 29. október sl. hafa komið til tveir nýir víxillánaflokkar, sem eru í umsjá lánadeildar, en um þá er nánar fjallað í kaflanum um peningamál.

### **Þjóðhátíðarsjóður**

